

**MARGRÉT EGGERTSDÓTTIR**  
Segir sporin tólf  
gagnast mjög víða



**EINLYFT HÚS**  
Einbýli á eftir-  
söttum stað



**SIGURMON SIGURÐSSON**  
Sonur fótboltahetju  
í rokkinu



# FRÉTTABLAÐIÐ

2. júní 2009 – 129. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Árnar voru vatnsmeiri

Guðrún Thorlacius var fyrsta konan í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur en það er sjöttu ára um þessar mundir.



TÍMAMÓT 20

### Skjaldborg haldin í þriðja sinn

Myndin Konur á rauðum sokkum eftir Höllu Kristínu Einarsdóttur fékk áhorfendaverðlaun Skjaldborgar 2009.

FÓLK 26

### Endurmat í skugga kreppu

Almenn framhaldsmenntun var byggð upp á sáralitlum tíma í landi þar sem almenn skólaskylda var ennþá nýjung, segir Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16



### Jafntefli í Keflavík

Stjarnan varð fyrst liða til að ná í stig í Keflavík í sumar.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG



**Hægviðri** í dag verður fremur hæg vestlæg eða breytileg átt, víða 3-6 metrar á sekúndu. Nokkuð bjart veður, einkum suðaustan- og austanlands en þungbúnara við norðurströndina.

VEÐUR 4



**FORSALA**  
í fullum gangi  
S:527-1000  
midi.is



**UNGUR NEMUR GAMALL TEMUR** Mikil aðsókn var að samtrúarlegri friðarstund í Hallgrímskirkju í tilefni heimsóknar Dalai Lama, trúarleiðtoga Tíbeta og friðarverðlaunahafa Nóbels, til landsins í gær. Dalai Lama heldur fyrirlestur í Laugardalshöll í dag og heim-sækir einnig Alþingi, þar sem hann mun eiga fund ásamt þingmönnum í utanríkisráðgjafmálafund.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fasteignasalar segja banka hindra kaup

Dæmi eru um að íbúðareigendur sem vilja minnka við sig og borga upp lán geti það ekki vegna andstöðu ríkisvæddu bankanna, segja fasteignasalar og spyrja um stefnu bankanna. Í svörum bankamanna er þessum fullyrðingum hafnað.

**FASTEIGNASALA** „Bankarnir eru allir í ríkiseigu svo það er í hæsta lagi óeðlilegt að þeir hafi ólíka stefnu, hvað þá að hún sé breytileg eftir útbúum,“ segir Ólafur Blöndal, eigandi fasteign.is. Ólafur, Óskar R. Harðarson, framkvæmdastjóri Mikluborgar, og Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, eru sammála um að eftir að ríkið yfirtók viðskiptabankana geri bankarnir fasteignasölum og viðskiptavinum þeirra erfitt fyrir. Eftir bankahrunið sé heldur ekki ljóst hvar ákvörðunarvaldið liggi í bönkunum. Borðleggjandi samningum sé hafnað af bönkunum á forsendum sem þau sjái ekki. Mörg nýleg dæmi séu um slíkt.

„Hvaða tilgangi þjónar það til dæmis,“ spyr Ólafur, „að hafna fólki sem vill minnka við sig og lækka sínar skuldir með því að selja eign sína og fá ódýrara húsnæði upp í og borga lánið niður með milligjöfinni? Það minnkar við sig, lækkar skuldir og heldur sama veðhlutfalli en er samt hafnað.“

Af svörum ríkisviðskiptabankanna þriggja til Fréttablaðsins má sjá að þeir telja sig allir vinna á faglegum forsendum varðandi fasteignalán.

„Íslandsbanki vísar því á bug að umsókn um yfirtöku lána eða ný húsnæðislán hafi verið synjað á öðrum forsendum en faglegum,“ segir Gunnar Kristinn Sigurðsson frá Samskiptasviði Íslandsbanka.

Ólafía Harðardóttir, sérfræðingur á hagfræðideild Landsbankans, segir liðkað til fyrir viðskiptum, sé greiðslugeta til staðar, sé það hagr kaupanda og seljanda og bankinn ekki verr settur. „Hér er um flókna samninga að ræða og háar fjárhæðir og mikið er í húfi fyrir alla málsaðila,“ segir Ólafía.

Þá segir Berghildur Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi Kaupþings, að bankinn fari einmitt fram á það við fólk sem minnki við sig að það nýti milligjöfina til að greiða niður áhvilandi lán svo veðstaðan verði ekki verri en hún var áður.

- jse, gar / sjá síðu 10

## Flugslys yfir Atlantshafi: Íslendingur um borð í þotunni

**SAMGÖNGUR** Íslendingur á fimmtugsaldri var um borð í flugvél sem fórst yfir Atlantshafi í gær. Þetta staðfesti utanríkisráðuneytið. Í vélinni voru 228 manns. Ólíklegt er að nokkur hafi lifað af.

Óvíst er hvað olli slysinu en líklegast er að flugvélin hafi orðið fyrir eldingu með þeim afleiðingum að hún hrapaði. Óalengt er að flugslys verði af völdum eldingar. Flak flugvélarinnar var enn ófundið í gærkvöldi.



ISABELLE BIREM

Flugvélin var á leið frá Brasilíu til Frakklands. Um 300 kílómetrum norður af Brasilíu hvarf vélin af ratsjá. Hún var af gerðinni Airbus A330-200.

„Fyrirspurnum rignir yfir þjónustuborð okkar, sem enn er hálfstíflað,“ sagði Isabelle Birem, framkvæmdastjóri Air France í Brasilíu, á blaðamannafundi í Sao Paulo í gær. Hún segir félagið eftir megni reyna að aðstoða ættingja farþega vélarinnar sem fórst.

- vsp / sjá síðu 6

## Samstarfsmaður Eastwoods: Sóknarfæri í kvikmyndagerð

**KVIKMYNDIR** Möguleikar Íslands á að breyta landinu úr vel geymdu leyndarmáli í þekktar stærð í kvikmyndaheiminum eru góðir. Þetta segir Kokayi Ampah, einn fremsti tókustadastjóri Hollywood og einn nánasti samstarfsmaður Clints Eastwood. „Það hversu auðvelt er að komast á milli landshluta með tókulið, fjölbreytileiki náttúrunnar og hagstætt gengi getur orðið til þess að komum erlends kvikmynda-gerðarfólks fjölgi um fimmtíu til sjöttíu prósent á næstu tveimur árum,“ segir Ampah.

- fgg / sjá síðu 34

## Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði

Gunni er með 11 milljón króna verðtryggt íbúðalán sem tekið var í september 2007. Með því að greiða 10.000 krónur aukalega á mánuði, sparast 10.671.376 krónur á lánstímanum. Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og



lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphafleg afborganir gera ráð fyrir og það sparast milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum. Nánari útreikningar og upplýsingar er að finna á [www.byir.is](http://www.byir.is)



**Sumarhappdrætti**

**Krabbameinsfélagsins**

**Dregið 17. júní 2009**

**176 skattfrjálsir vinningar**  
að verðmæti **24.240.000 kr.**

**SUZUKI**



## SPURNING DAGSINS



Stefán, er þetta gott veganesti inn í framtíðina?

„Já, ég efast um að hægt sé að fá betra nesti.“

Álitsgjafar Fréttablaðsins völdu Litlu kaffistofuna á Suðurlandsvegi bestu vegasjöppu landsins. Stefán Þormar Guðmundsson er eigandi Litlu kaffistofunnar.

Samtök atvinnulífsins vilja ræða fastgengisstefnu sem langtímamarkmið:

## Öguð hagstjórn forsenda fastgengis

**EFNAHAGSMÁL** „Að taka upp fastgengi er ekki eitt-hvað sem við getum ákveðið að gera á morgun,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann segir að í tengslum við stöðugleikasáttmálann hafi verið rætt um möguleikann á því að taka upp fastgengisstefnu, enda sé núverandi peningamálastefna komin í þrot.

„Það þarf að komast í þá stöðu að gengi krónunnar geti hækkað og orðið stöðugt. Það þarf að stilla af alla hagstjórnina þannig að fastgengi geti staðist,“ segir Vilhjálmur. Hann segir því rétt að setja slík markmið með því að ná árangri í hagstjórn með stöðugri, lítilli verðbólgu. Það eigi að vera útgangspunktur í allri hagstjórn. „Við þyrftum að ná þessu á næstu einu til tveimur árum,“ segir Vilhjálmur.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vildi á blaðamannafundi á þriðjudag ekkert gefa upp um hvort fastgengisstefna hefði verið rædd, en



**VILHJÁLmur EGILSSON** Segir núverandi peningamálastefnu koma í þrot og því þurfi að ræða aðrar leiðir til framtíðar, eins og möguleikann á fastgengisstefnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

margt hefði borið á góma. „Það [fastgengi] er ekkert sem er á dagskrá í sjálfa sér og væri ekki viðráðanlegt, í það minnsta ekki í augnablikinu,“ sagði Steingrímur.

- 55

Myrta georgískan ferðamann:

## Dæmdur í 105 ára fangelsi

**PÚERTÓ RÍKÓ, AP** Sonur dæmðs morðingja í Púertó Ríkó var í gær dæmdur í 105 ára fangelsi fyrir að ræna, nauða og myrða 36 ára ófríska georgíska konu sem var á ferðalagi í landinu.

Maðurinn, Eliezer Marquez Navedo, nam konuna á brott þar sem hún var ein úti að skokka í bænum Fajardo. Konan fannst svo um klukkustund síðar þar sem hún hafði verið skorin á háls.

Morðið á konunni er sagt líkjast mjög morðum sem móðir Navedos var fundin sek um árið 1992 og er málið nú í frekari rannsókn.

- ag

Réttindalaus vélhjólamaður:

## Grunur um ölvun við akstur

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður vélhjóls fannst liggjandi vankaður nokkuð úti fyrir veg fyrir ofan Sandgerði á laugardag. Hann hafði ekki réttindi til að aka vélhjól og er grunaður um ölvun við akstur, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum.

Vegfarandi kom að ökumanninum og hafði samband við Neyðarlínuna. Maðurinn mun ekki hafa slasast mikið. Hjálmurinn kastaðist af honum við fallið. Hann var ber að ofan með peysu bundna um hálsinn, og öryggisbúnaði hans því mjög ábótavant.

Maðurinn var færður í fangaeymslu en sleppt eftir yfirheyrslu.

- kg

Styrkir til Sjálfstæðisflokks:

## Enn óljóst með endurgreiðslur

**STJÓRN MÁL** Ekki liggur fyrir hvort Sjálfstæðisflokkurinn hefur endurgreitt 30



**BJARNI BENEDIKTSSON**

milljóna króna styrk frá FI-Group og 25 milljóna styrk frá Landsbankanum sem flokkurinn fékk árið 2006. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði fyrir kosningar að þessir styrkir yrðu endurgreiddir fyrir 1. júní.

Hvorki náðist í Bjarna né Grétu Ingbórsdóttur, framkvæmdastjóra flokksins, í gær. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður staðfestir að stefnt hafi verið að því að ljúka málinu fyrir gærdeginn en segir það í höndum Bjarna. „Hann mun segja nákvæmlega hvernig þetta verður gert,“ segir varaformaðurinn.

- gar



**INNBRÖT** Þjófarnir komust inn um opna svalahurð á heimili Steinunnar og fjölskyldu. Hún segir mikilvægast að allir séu heilir á húfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sonur minn er hetja

Sautján ára piltur sýndi snarræði þegar hann komst undan innbrotsþjófi sem gekk í skrokk á honum. Tveir menn sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Annar þeirra kom einnig við sögu í hrottafengnu innbroti á Seltjarnarnesi fyrir viku.

**LÖGREGLUMÁL** „Sumir hefðu líklega lyppast niður og ekki getað gert neitt, en Viktor sýndi að hann kann að bregðast rétt við í hættuástandi. Ég er mjög stolt af honum og finnst hann vera hetja,“ segir Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, sem býr ásamt manni sínum, Leifi Birni Björnssyni, og börnum við Lækjarhvammi í Hafnarfirði.

Viktor Már Leifsson, sautján ára sonur þeirra hjóna, komst undan á flóttu undan barsmiðum og frelsissviptingu þegar brotist var inn á heimilið á sunnudagseftirmiðdag. Tveir menn um tvítugt voru handteknir grunaðir um verknadinn. Annar þeirra kom við sögu í hrottafengnu innbroti við Barðaströnd á Seltjarnarnesi í síðustu viku. Þeir hafa báðir verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

Viktor var sofandi í herbergi sínu þegar hann heyrði umgang.

Þegar fram kom gekk hann fram á mann sem var að setja tölvur og fleiri muni í poka. Viktor reyndi að tala við og róa manninn, sem var greinilega undir áhrifum eiturlyfja að sögn Steinunnar. Þjófurinn réðst að Viktori, sló og sparkaði í hann, og skipaði honum að halda sig í jörðinni og hélt svo iðju sinni áfram. Þegar færi gafst tók Viktor á rás og tókst með snarræði tvisvar sinnum að skella hurðum á hendur þjófsins þegar hann var í þann mund að ná Viktori. Hann komst svo í nálægt hús þar sem hringt var á lögreglu.

Þjófurinn komst undan með fartölvu. Hann og vitorðsmaður hans voru handteknir stuttu síðar í nágrenninu. Þeir eru grunaðir um að vera viðriðir að minnsta kosti fimm önnur innbrot að undanförunu, þar á meðal því á Sel-

tjarnarnesi. Þar var karlmaður á áttræðisaldri beittur ofbeldi.

Steinunn segir hafa betur farið en á horfðist. „Viktori líður vel en þetta var auðvitað mikið áfall. Hann brást hárrétt við með því að berjast ekki á móti þjófinum í byrjun, sem hann hefði vel getað gert því hann hefur æft sjálfsvarnaríþróttir. Maður veit aldrei hverju menn undir áhrifum fíkniefna taka upp á.“

Steinunn segir vikuna hafa verið viðburðaríka, því hún og maður hennar misstu bæði vinnuna á miðvikudag, hann hjá tölvufyrirtæki og hún sem aðstoðarsjónvarpsstjóri ÍNN. „Þetta eru þrjú áföll í röð. Tími breytinga en líka nýrra tækifæra sem bíða. Það mikilvægasta er að allir eru heilir á húfi og hafðar voru hendur í hári manna sem þurfa greinilega á hjálp að halda,“ segir Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.

kjartan@frettabladid.is

Trillukarlar um strandveiðar:

## Aflapakið ýmist of eða van

**STJÓRN MÁL** Í frumvarpi sjávarútvegsráðherra um strandveiðar er gert ráð fyrir 800 kílóa aflapaki á degi hverjum.

Landssambandi smábátaeigenda hafa borist margvíslegar athugasemdir við frumvarpið, líkt og fram kemur á heimasíðu þess.

Segir þar að sumir telji aflapakið of hátt og finnst hæfilegt aflapak 500 kíló. Aðrir telja það of lágt og vilja að þakið verði eitt tonn á dag. Smábátasjómenn hafa ýmsar tæknilegar athugasemdir við frumvarpið og vilja meðal annars að frekar verði óheimilt að róa á föstudögum en sunnudögum enda fiskvinnsla stopul um helgar.

- bps

Átökin í Norðvestur-Pakistan:

## Um 400 manns gíslar Talibana

**ISLAMABAD, AP** Talibanar tóku í gær í gíslingu um 400 manns sem voru á leið frá drengjaskóla í norðvesturhluta Pakistans í gær. Í hópnum voru nemendur, skyldmennir þeirra og starfsfólk skólans. Lögregla segir fólk hafa yfirgefið skólann eftir að þeim var ráðlagt að flýja í símtali sem þau töldu vera frá stjórnmalamanni, en voru stöðvuð af Talibönnum um 30 kílómetra frá skólanum. Sautján manns náðu að flýja. Óljósar fregnir herma að önnur rúta með 29 nemendum hafi komist undan.

- ag

### SJÁVARÚTVEGUR

#### Hækkun á ýsu og karfa

Úrskurðarnefnd sjó- og útvegsmanna hefur ákveðið að hækka verð á ýsu, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seld til skyldra aðila, um tíu prósent. Verð á karfa var líka hækkað um tíu prósent og frá og með 1. júní.

Norður-Kórea undirbýr aðra eldflaug þrátt fyrir vaxandi alþjóðaáhyggjur:

## Grefur undan friði í heiminum

**NORÐUR-KÓREA** Norður-kóresk stjórnvöld undirbúa nú að skjóta annarri eldflaug á loft, þrátt fyrir alþjóðlega gagnrýni. Talið er að henni verði skotið á loft í kringum 16. júní og hún sé af sömu gerð og sú sem var skotið upp 5. apríl síðastliðinn.

Kjarnorkusprengrja var sprengd neðanjarðar í Norður-Kóreu á mánudaginn í síðustu viku. Vaxandi áhyggjur eru meðal vestrænna þjóða yfir vígbúnaði Norður-Kóreumanna.

Alþjóðleg ráðstefna hefur staðið yfir í Suður-Kóreu að undanförunu til að ræða kjarnorku- og eldflaugatilraunir Norðursins. Niðurstaða opnunardagsins var að þær græfu undan friði og stöðugleika í Norðaustur-Asíu og í heiminum öllum.

Talið er að eldflaugin sem skjóta á á loft 16. júní verði skotið á loft rétt við Dongchang-ni eldflauga-stöðina sem er aðeins um 65 kílómetrum sunnan við landamærin að Kína.

Undirbúningur er kominn langt á leið. Eldflaugin er af gerðinni Taepodong-2 og dregur allt að 6.500 kílómetra, sem jafngildir rúmlega fjórum hringjum í kringum Ísland. Áður skaut Norður-Kórea eldflaug á loft 5. apríl. Sú eldflaug var látin fljúga yfir Japan áður en hún lenti í Kyrrahafinu.

- vsp



**SUÐUR-KÓRESKIR HERMENN** Stjórnvöld í Suður-Kóreu hugleiða nú að stöðva sendingar á stáli til Norður-Kóreu til að mótmæla kjarnorkutilraunum þeirra.

NORDICPHOTOS/AFP

Orku- og mekatróník-tæknifræði

Umsóknarfrestur rennur út á föstudaginn!

Allar nánari upplýsingar á [www.keilir.net](http://www.keilir.net).

**Keilir**  
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

ÁSBRÚ - SÍMI: 578 40 00 - [WWW.KEILIR.NET](http://WWW.KEILIR.NET)



Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA

# Bestu kjörin fást með samstöðu

2.000 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir öllum  
símatilboðum Nova.

Gildir í áskrift og frelsi.

0 kr. Nova í Nova  
1000 mín. og 500 SMS/MMS á mánuði.

0 kr. Nova í Nova þýðir nákvæmlega það! Njóttu þess að geta hringt fyrir 0 kr. í vini þína og ættingja, þjálfarann þinn, vinnufélagana, glímufélagið eða bara alla sem þú þekkir eða þekkir ekki hjá Nova.



0 kr. afborgun

Nokia 3120

Afborgun 2.000 kr. á mánuði  
2.000 kr. notkun á mánuði  
í 12 mánuði fylgir.

Staðgreitt: 24.000 kr.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkort + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!



GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,97	123,55
Sterlingspund	198,78	199,74
Evra	173,38	174,36
Dönsk króna	23,285	23,421
Norsk króna	19,409	19,523
Sænsk króna	16,203	16,297
Japanskt jen	1,2822	1,2896

SDR 190,27 191,41

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
211,3804

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VIÐ OPEL-VERKSMÍÐJURNAR „Hver bjargar Opel?“ stendur við Opel-bíla-verksmiðjurnar í Rüsselsheim í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## GM í greiðslustöðvun: Skuld upp á 173 milljarða dala

**BANDARÍKIN** Bandaríski bílarisinn General Motors (GM) sótti um greiðslustöðvun í gær. Ákvörðunin er vegna mikils taps undanfarið árs. Samhliða þessu hefur verið ákveðið að GM verði tekið úr bandarísku Dow Jones-vísitölunni.

Stjórnvöld munu nú taka yfir sextíu prósentu hlut í fyrirtækinu. Nú þegar hefur GM fengið tuttugu milljarða Bandaríkjadala í neyðarlán síðan í ársbyrjun 2008. Fyrirtækið mun fá þrjátíu milljarða dala aukalega frá stjórnvöldum.

General Motors er talið skulda um 173 milljarða Bandaríkjadala, eða um 21.000 milljarða íslenskra króna. - vsp

## HÁSKÓLAR

**Menntamál í Kína**  
NACS, NNC og ASÍS standa fyrir samnorrænni ráðstefnu um efnahags-, umhverfis- og menntamál í Kína. Virtir fræðimenn taka til máls á ráðstefnunni sem fer fram í Odda, Háskóla Íslands 3. til 5. júní.

## LÖGREGLUMÁL

**Eldur á Akureyri**  
Litlar skemmdir urðu í bruna í kjötvinnslu Norðlenska um kvöldmatarleyti á laugardag. Eldboð barst stjórnstöð Öryggismiðstöðvar og var talsverður reykur í miðrymi hússins þegar vaktmaður kom á staðinn.

Dalai Lama segir peninga ekki vera lausn allra vandamála heimsins:

# Hlúa þarf betur að hinum innri gildum

**TRÚARBRÖGD** „Þeir sem hugsa eingöngu um peninga og aftur peninga, og völd og aftur völd, ættu að hlúa betur að sínum innri gildum,“ sagði hinn fjórtándi Dalai Lama, andlegur og veraldlegur leiðtogi Tíbeta, á blaðamannafundi á Hilton Nordica í gær. Hann kom til landsins á föstudagskvöld ásamt ellefu manna fylgdarliði.

Dalai Lama hóf fundinn á því að lýsa því yfir að hann væri fyrst og fremst mannvera, ein af sex milljörðum slíkum á jörðinni, rétt eins og Íslendingar. Hann væri einnig búddisti og sem slíkur hvetti hann til samkenndar og umhyggju meðal fólks. „En þetta segi ég samt líka til að þreyta ykkur fjölmiðlafólkið, því ég veit að þið hafið mestan áhuga á pólitík,“ bætti hann við og uppskar hlátur viðstaddra að launum.

Létt var yfir Dalai Lama á blaðamannafundinum. Hann svaraði spurningum varðandi

væringar milli Tíbet og Kína og sagði að sífellt fleiri Kínverjar sýndu málstað Tíbeta stuðning. Enn væri mikil von um að kínversk stjórnvöld umbreyttu stefnu sinni. Dalai Lama vill að Tíbet verði gert að sjálfstjórnarsvæði innan Kína.

Dalai Lama sagði konur gegna sífellt mikilvægara hlutverki í heiminum. Nauðsynlegt væri að gera samkennd milli fólks hærra undir höfði en verið hefði, og þar væri hlutverk kvenna afar mikilvægt.

Spurður um ljósar og dökkar hliðar á sjálfum sér sagðist Dalai Lama vera latur og alls ekki alvörugefinn, og það gæti stundum verið neikvætt. Helsta kost sinn teldi hann miklar gáfur, því af þeim sprytti forvitni sem væri af hinu góða. „Ég hef nokkuð góðan heila,“ sagði leiðtogiinn að lokum.



Í HALLGRÍMSKIRKJU Dalai Lama tók í gær þátt í samkirkjulegri athöfn að loknum blaðamannafundi. Hann er lengst til hægri við hlið Karls Sigurbjörnssonar biskups og Sigurðar Sigurðarsonar vígslubiskups. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hitti Dalai Lama fyrir nær hálfri öld

Sigurður A. Magnússon fór á fund Dalai Lama fyrir 49 árum á Indlandi. Kom hann skilaboðum trúarleiðtogans til Íslendinga á framfæri en engin viðbrögð fengust við þeim. Sigurður vonast til að komast á fyrirlestur hans hér á landi.

**TRÚARBRÖGD** Sigurður A. Magnússon rithöfundur vonast til þess að endurfundur verði með honum og Dalai Lama en þeir hittust árið 1960 í Efra Dharamsala á Indlandi. Þá var Dalai Lama 25 ára og hafði verið eitt ár í útlegðinni sem hófst þegar Kínverjar brutu á bak aftur uppreisn Tíbeta. Sú uppreisn hafði staðið yfir í níu ár, eða frá því að Kínverjar hernámu landið árið 1950.

„Það var svo sem enginn hæðarleiður að ná á fund hans,“ rifjar Sigurður upp. „Það var ekki fyrr en ég komst í kynni við mann að nafni Lobsang Lhalungpa sem jafnan var kallaður „sonur véfréttarinnar í Tíbet“ að eitthvað fór að þokast. Hann sagði mér að Dalai Lama væri þarna uppi í fjöllumum og hann gæti komið mér í samband við hann.“

Eftir mikið ferðalag bar fundum þeirra saman. „Það kom mér satt að segja nokkuð á óvart hvað hann var jákvæður, ljúfur og skemmtilegur. Við megum ekki gleyma því að þjóð hans hafði þurft að þola skelfilegar hörmungar svo maður hefði jafnvel átt von á því að hitta fyrir beiskan mann. En því var ekki fyrir að fara. Hann var einnig alveg sérlega alþýðlegur og laus við allt þjatt. Mér er minnisstætt þegar ég var að fara út, þá fór ég aftur á bak enda ekki talið við hæfi að menn snúi nokkurn tímann baki við jafn helgum mönnum. Þegar hann sá þetta skellti hann upp úr með sínum sérstaka hætti og sagði mér að vera ekki með þennan hégóma. Reyndar talaði hann ekki ensku á þessum árum



RIFJAR UPP FUNDINN Í EFRA DHARAMSALA Sigurður A. Magnússon er hér með bók sína Við elda Indlands á borðinu en þar segir hann frá fundi sínum með Dalai Lama árið 1960. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það kom mér satt að segja nokkuð á óvart hvað hann var jákvæður, ljúfur og skemmtilegur.

**SIGURÐUR A. MAGNÚSSON**  
RITHÖFUNDUR

svo allt var túlkað sem okkur fór á milli og svo var þarna ritari sem skrásetti allt sem fram fer. Reyndar var túlkurinn ekkert að hafa of mikið fyrir hlutunum. Það sást best þegar Dalai Lama hafði lokið við langar setningar sem urðu svo að nokkrum orðum í meðförum

túlksins.“ Dalai Lama bað Sigurð um að koma boðum til Íslendinga um hvort þeir gætu tekið við munadurlausum börnum frá Tíbet sem væru í mikilli neyð. Sigurður kom þessu á framfæri í Morgunblaðinu, þar sem hann skrifaði viðtal sitt við leiðtoga. Enginn viðbrögð bárust við þeirri beiðni.

En ætlar Sigurður að fara á fyrirlestur hans hér á landi? „Það væri gaman en ég held að allt sé uppselt, ég hef sofið á verðinum. Það væri gaman að sjá hann eftir allan þennan tíma. Ég geri mér þó ekki grillur um að hann muni eftir mér.“

jse@frettabladid.is

## Óvissa um framtíð Darlings: Gerði mistök en leiðrétti þau

**BRETLAND** Talið hefur verið víst að Gordon Brown láti Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, fara eftir Evrópuþingskosningarnar í þessari viku. Annað var hins vegar uppi á teningnum í gær.



Verkamannaflokkurinn hefur átt undir högg að sækja sökum þess að þingmenn og ráðherrar hafa látið stjórnvöld greiða ýmsar skuldir sínar. Darling var meðal þeirra. Brown sagði blaðamönnum í gær að Darling væri góður fjármálaráðherra. Hann hefði gert mistök en leiðrétt þau strax með því að endurgreiða peningana. - vsp

## Háskólinn í Reykjavík: Frumkvöðlaráðstefna haldin á Íslandi

**SKÓLAMÁL** MIT-háskólinn í Bandaríkjunum hefur valið MBA í Háskólanum í Reykjavík úr hópi 20 umsækjenda til að halda MIT Global Start-up Workshop sem er ein stærsta frumkvöðlaráðstefna heims. Um 500 frumkvöðlar, fjárfestar, stjórnmalámennt, háskólakennarar og nemendur alls staðar að úr heiminum sækja ráðstefnuna sem mun fara fram hér á landi í mars á næsta ári.

Aðalsteinn Leifsson, forstöðumaður MBA-námsins, tilkynnti þetta á útskrift MBA-nema frá Háskólanum í Reykjavík á laugardag og sagði þetta mikinn heiður fyrir skólann. - ag



# Einföld bankþjónusta á netinu



Kort



Lán



Sparnaður



Sjálfsafgreiðsla



Betri vextir

**S24 netbanki** er fyrir þá...

...sem vilja njóta **betri vaxta**

...sem vilja nýta sér **sjálfsafgreiðslu**

...sem vilja hafa fjármálin **einföld**

Sæktu um...

[www.s24.is](http://www.s24.is)



Sími 533 2424 – Digranesvegur 1



## KJÖRKASSINN



Er hækkun neysluskatta skynsamleg í ljósi efnahagsástandsins?

Já	18,9 %
Nei	81,1 %

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að þjóðarsátt náist í kjara- og efnahagsmálum?

Seðgu þína skoðun á visir.is

visir

Rúmlega 1.900 jarðskjálftar mældust á Reykjaneskaganum:

## Ekki búist við stærri skjálfta

**JARÐHRÆRINGAR** „Virkin virðist vera að fjara alveg út, þannig að núna búumst við ekki við frekari stórum skjálftum. Meðan ekki dró úr virkninni strax á föstudaginn töldum við líklegt að stærri skjálftar kæmu í kjölfarið. Þeir komu svo á laugardaginn, en eftir það hefur þetta fjarað út með eðlilegum hætti,“ segir Hjörleifur Sveinbjörnsson, jarðfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Rúmlega 1.900 misstórir jarðskjálftar mældust á Reykjaneskaga frá föstudegi til mánudags.


Stærsti skjálftinn varð laust eftir hálf tíu á föstudagskvöld. Sá mældist 4,7 að stærð og átti upptök sín við

vestanvert Fagradalsfjall á Reykjaneskaga, um átta kílómetra norðaustur af Grindavík. Aðfaranótt laugardags mældust tveir skjálftar að stærð um 3,5, sá fyrri á sömu slóðum og kvöldið áður en sá síari um fimm kílómetra norðaustar á norðanverðu Fagradalsfjallinu. Um klukkan hálf tvö á laugardag varð skjálfti að stærð 4,3 með upptök við norðanvert Fagradalsfjall og annar litlu austur laust eftir klukkan 17 að stærð 3,9. Eftir það hóf að draga úr virkninni.

Rafmagnslaust var um tíma í Grindavík í kjölfar stærsta skjálftans. Ekki er vítað um eignaspjöll vegna skjálftanna.

## SKJÁLFTAR Á REYKJANESI

Föstudag og laugardag



Bæjarráð Vesturbýggðar:

## Fyrningarleiðin sögð glapræði

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Vesturbýggðar segist hafa þungar áhyggjur af óvissu sem komin sé upp í sjávarútvegsmálum með hugmyndum um fyrningarleið og um að fella niður byggðakvóta.

„Ekkert er mikilvægara en að skapa stöðugleika þegar efnahagslífið er rústir einar og sjávarútvegurinn sú grunnstoð sem þjóðin byggir framtíðina á. Glapræði er að veikja fyrirtæki í sjávarútvegi þar sem þau heyja sína baráttu ekki einungis innanlands heldur einnig á mörkuðum erlendis,“ segir í ályktun bæjarstjórnarinnar.



KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON Vill koma til baka eftir að hafa dregið sig í hlé.

Deilt um sæti bæjarfulltrúa: Segir ráðuneyti hafa lokaorðið

**SVEITARSTJÓRNIR** Kristján Sveinbjörnsson, sem sagði af sér sem forseti bæjarstjórnar Álftanes í desember og dró sig í hlé sem bæjarfulltrúi, segir málinu um endurkomu sína í bæjarstjórn ekki lokið þótt bæjarstjórnin líti þannig á að hann geti ekki tekið sæti sitt aftur á þessu kjörtímabili.

Kristján segist hafa dregið sig tímabundið í hlé að ósk félaga sinna en ekki hafa tímasett endurkomu. Bæjarstjórnin segir hins vegar að leyfið hafi verið ótímabundið. Kristján bendir á að hann hafi óskað eftir því að ráðuneyti sveitarstjórnarmála úrskurði í málinu. „Málinu er ekki lokið fyrr en ráðuneytið hefur úrskurðað,“ segir hann í bréfi til Fréttablaðsins.

# Íslendingur um borð í franskri flugvél sem fórst

Flugvél fórst yfir Atlantshafi í gær. Íslendingur á fimmtugsaldri var farþegi. Ólíklegt er að nokkur hafi komist af. Orsökina er talin vera elding. Óalgennt er að elding valdi flugslysi. Mikil ókyrrð var í lofti.

**SAMGÖNGUR** Einn Íslendingur á fimmtugsaldri var í flugvél frá flugfélaginu Air France sem fórst yfir Atlantshafi í gær, samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu. Um borð voru 228 manns. Stjórnvöld í Frakklandi telja ólíklegt að nokkur hafi lifað af. Skipsflakið hefur ekki enn fundist.

Talið er líklegast að elding hafi orsakað slysið. Vélin hafi við það brotlent í Atlantshafinu. Þó er óalgennt að flugvélar farist eftir eldingu og er því líklegt að um samverkandi þætti sé að ræða.

Þorkell Ágústsson, forstöðumaður Rannsóknarnefndar flugslysa, segir ekki algennt að flugslys verði af völdum eldingar þar sem þær séu hannaðar til að taka á móti eldingum.

„Yfirleitt þegar flugvélar verða fyrir eldingum fara þær í gegn og flugvélar geta afgreitt það. Það eru tilfelli þar sem þetta hefur skemmt mæla þannig að það hafa orðið flugslys í kjölfar þess en það er ekki algennt,“ segir Þorkell.

Vélin, sem var af gerðinni Airbus A330-200, lagði af stað frá

Rio de Janeiro í Brasilíu og átti að lenda í París kl. 11.10 að staðartíma. Hún hvarf hins vegar af ratsjá á leið sinni yfir Atlantshafið, 300 kílómetrum norður af brasilísku borginni Natal.

Rétt áður en vélin hvarf tilkynnti flugstjórinn um mikla ókyrrð í lofti. Síðan kom sjálfvirk tilkynning um rafmagnstruflanir og vélin hvarf af ratsjánni skömmu síðar. Brasilískar og franskar flugvélar áttu erfitt með að leita að vélinni í gær þar sem hún var vel yfir sjávarmáli þegar hún týndist.

Airbus segist í fréttatilkynningu harma atvikið og vottar fjölskyldum, vinum og ástvinum farþeganna samúð.

„Þetta er hörmulegt ástand á borð við eitthvað sem Air France hefur aldrei séð,“ sagði Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, eftir fund með fjölskyldum og vinum farþeganna á flugvelli Charles de Gaulle í París.

Í flugvélinni voru 216 farþegar og tólf áhafnarmedlimir. Farþegarnir voru 126 karlmenn, 82 konur, sjö börn og eitt smábarn.



ÆTTINGJAR FARÞEGANNA Nicolas Sarkozy hélt fund með ættingjum og vinum farþega flugvélar sem fórst yfir Atlantshafinu í gær. Ólíklegt er að nokkur finnst á lífi.

Meirihlutinn var frá Frakklandi og Brasilíu. Þetta er fyrsta stóra flugslysið í Brasilíu síðan flugvél

brotlenti í Sao Paulo í júlí 2007 sem kostaði 199 manns lífið.

vidirp@frettabladid.is



Orkuveita Reykjavíkur

## Skordýr í Elliðaárdal

Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðmundar Halldórssonar skordýrafræðings, í kvöld, þriðjudaginn 2. júní, kl. 19.30. Gengið verður um dalinn og hugað að þeim smádyrum sem þar búa. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér stækkunargler. Gangan hefst við Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur, Elliðaárdal.



Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

www.oris



MÁLIN RÆDD Gylfi Arnbjörnsson, Vilhjálmur Egilsson og aðrir forystumenn launþega og atvinnurekenda standa í ströngu þessa dagana.

## Atvinnurekendur greiða ekki umsamda hækkun: Mínuslausn segir ASÍ

**KJARAMÁL** Viðræður fulltrúa Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um kjaramál halda áfram í dag eftir hlé um hvítasunnuhelgina. Mikið bar í milli um lausn málsins fyrir helgi.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir fulltrúa aðildarfélaga ASÍ vilja að staðið verði við gerða samninga. Gylfi segir að í ljósi þróunar verðlags og launa undanfarna tólf mánaða séu launþegar í raun að bjóðast til að taka á sig kaupmáttarlækkun með því að biðja ekki um meiri hækkunir en felist í gildandi samningi. „Þegar kaupmáttur lækkur er launahlutfallið í rekstri fyrirtækjanna að lækka, þannig að við erum ekki að tala um neina núlllausn heldur að sætta okkur við stóra mínuslausn,“ segir forseti ASÍ.

Samkvæmt gildandi kjarasam-

ingi aðildarfélaga ASÍ og Samtaka atvinnulífsins hefðu kaupmáttur ófaglærðra átt að hækka um 13.500 krónur og taxtar iðnaðarmanna um 17.500 krónur hinn 1. mars síðastliðinn. Umsamin launaþróunartrygging var 3,5 prósent.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir tillögu SA nú vera þá að greiða helming taxtahækkunarinnar 1. júlí og hinn helminginn 1. nóvember og þá taki launaþróunartryggingin einnig gildi. Hækkunir sem taki eigi gildi 1. janúar á næsta ári flytjast til 1. september 2010. „Við gerum þetta í trausti þess að rekstrarskilyrði atvinnulífsins batni. Ef ekkert breytist er þetta náttúrulega alveg vonlaust,“ segir Vilhjálmur.

ASÍ hefur hafnað þessari tillögu SA.

Færeysk félög á fjárfestabingi:

## Kynna sig fyrir fjárfestum

**VIBSKIPTI** „Það er mikið ánægju-efni að færeyskir vinir okkar skuli koma til landsins til að kynna sig sem öflugan fjárfestingarkost fyrir íslenska fjárfesta,“ segir Þóroddur Friðjónsson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland, um fjárfestabing sem fram fer á Hilton Reykjavík Nordica í dag.

Á fjárfestabinginu munu forstjórar færeysku félaganna Atlantic Airways, Atlantic Petroleum, Eik Bank og Føroya Banki kynna íslensku fjárfestum og öðrum markaðsaðilum starfsemi sína og framtíðarsýn, en félögin eru öll skráð í Kauphöllina.

## VINNUMARKAÐUR

### 14,3 prósent atvinnuleysi

Atvinnuleysi var að meðaltali 14,3 prósent á Suðurnesjum í apríl en 9,1 prósent á landinu í heild. Atvinnuleysi á Suðurnesjum var 2,8 prósent fyrir ári síðan. Vinnumálastöfnun gerir ekki ráð fyrir breytingum á næstu vikum.

## SAMFÉLAGSMÁL

### Leyfi sr. Gunnars framlengt

Biskup hefur ákveðið að framlengja leyfi sr. Gunnars Björnssonar frá störfum sem sóknarprest Selfossprestakalls til 1. ágúst á meðan mál hans er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar. Gunnar átti að snúa aftur til starfa í gær, 1. júní.



**SÍÐASTI DAGUR Á LAUGARDAG!**

**WORTHILTEKT!**



**KING KOIL  
HEILSURÚM**

(Queen size 153x203 cm)

**FRÁ 109.000 kr.**

**NÚ HREINSUM VÆÐ ÍT  
30-50% AFSLÁTTUR  
ALLT Á AÐ KLÁRARAST**

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, á næstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



**FINNLANDIA PILLOW**  
(Queen size 153x203)  
Verð kr. 246.300

**50% AFSLÁTTUR  
NÚ kr. 123.150**

**COMFORT solutions**

By King Koil®

**Good Housekeeping Promises**  
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE



**30%  
AFSLÁTTUR!**

Af sængurfatnaði og heilsukoddum



**ÁTTU VON  
Á GESTUM?**

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófásýningarsal landsins.



**rekkjan**



## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvaða hljómsveit er ambassador Háskólans á Bifröst?
- 2 Hvaða lið varð enskur bikarmeistari um helgina?
- 3 Hvað nefnist nýr sjónvarpsþáttur Jay Leno?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Minnihlutinn í Hafnarfirði segir tap á rekstri bæjarins vera 7,5 milljörðum meira en gefið hafi verið upp:

# Skoðunarmaður hefur ekki skrifað undir

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tap á rekstri Hafnarfjarðarbæjar nam um 11,5 milljörðum króna en ekki 4,2 milljörðum á árinu 2008. Þetta kemur fram í yfirlýsingu bæjarfulltrúa sjálfstæðismanna í Hafnarfirði.

Í ársreikningnum er bókaður hagnaður upp á 6,2 milljarða króna, ásamt um 1,3 milljörðum í dráttarvexti, vegna sölu bæjarins á eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja til Orkuveitu Reykjavíkur.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, segir bæinn ekki hafa fengið krónu vegna sölnnar. Ástæðan er sú að óljóst er hvort salan gangi eftir þar sem enn er óáfrýjaður héraðsdómur

þar sem gildi samningsins er vefengt. „Staða bæjarsjóðs lítur þannig betur út sem nemur 7,5 milljörðum króna,“ segir Rósa.

Fréttatilkynning kom frá Hafnarfjarðarbæ á föstudag þar sem kom fram að tap á rekstri bæjarins næmi um 4,2 milljörðum.

Gunnar Hjaltalín, annar skoðunarmanna reikninga Hafnarfjarðar, segist ekki vera búinn að skrifa undir ársreikninginn. Lög kveða



LÚÐVÍK GEIRSSON

## ÚR SVEITARSTJÓRNARLÖGUM

1. mgr. 70. gr. Skytt er að veita endurskoðanda og skoðunarmönnum aðstöðu til þess að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar.
1. mgr. 71. gr. Endurskoðandi og skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn.

á um það. Hann hafi verið erlendis og ekki séð ársreikninginn fyrr en á laugardag. Jafnframt segir hann að greiðslan vegna Orkuveitunnar sé ekki komin. Matsatriði sé hvort bókfæra eigi hagnaðinn á árinu 2008, þar sem óljóst sé hvort bærinn fái greiðslurnar.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir að bókfæra þurfi fjárhæðirnar þar sem búið sé að selja hlutinn. Mat endurskoð-

enda bæjarins hafi verið að gera þetta þannig. Hann segir ekkert óeðlilegt við það að tölur ársreikningsins hafi verið birtar án þess að skoðunarmenn hafi skrifað undir.

„Við vorum að bíða eftir því að annar kæmi til landsins. Haldinn var kynningarfundur fyrir bæjarfulltrúa á föstudag. Annar skoðunarmannanna var þar til að svara fyrirspurnum,“ segir Lúðvík.

- vsp

Ný könnun frá Capacent:

## Stuðningur við stjórnina eykst

**STJÓRNARMÁL** Ríkisstjórnin nýtur stuðnings rúmlega 61 prósentis þjóðarinnar. Það er tíu prósentum meira en fyrir kosningar. Þetta er samkvæmt könnun sem Capacent gerði fyrir Ríkisútvarpið. Um 56 prósent karla styðja stjórnina en 66 prósent kvenna.

Fylgi flokkanna breytist lítillega frá því í kosningunum. Samfylkingin dalar, er nú með 28,4 prósent fylgi en fékk 29,8 prósent í kosningunum. Sjálfstæðisflokkurinn bætir við sig fylgi og er með 25,1 prósent stuðning en fékk 23,7 prósent í kosningunum. Fylgi VG og Framsóknarflokksins er nánast hið sama og í kosningunum. Þá bætir Borgarahlýðingin við sig prósentustigi.

Um var að ræða netkönnun með 5.000 manna úrtaki og svarhlutfalli upp á sextíu prósent.

- vsp

Umdeildur læknir skotinn til bana við guðspjónustu:

## Læknisbani fundinn

**BANDARÍKIN, AP** Umdeildur læknir að nafni George Tiller var skotinn til bana við guðspjónustu í Wichita í Bandaríkjunum í gærdag. Tiller, sem var 67 ára, var kunnur fyrir að framkvæma föstureyðingar á konum sem voru langt komnar á meðgöngu, en læknastofa hans er ein fárra í heiminum þar sem eldri en 21 viku föstrum er eytt.

Árásarmaðurinn flúði af vettvangi á bíl, en þremur tímum síðar handtók lögreglan í Wichita í Kansas-riki mann á sextugsaldri að nafni Scott Roeder sem er grunaður um verknaðinn. Verið er að skoða bakgrunn Roeders, en árið 2007 skrifaði maður með sama nafni á netsíðu tileinkaðri þeim sem eru andvígir föstureyðingum, þar sem hann spurði hvort einhver hefði íhugað að mæta í

kirkju Tillers til að spyrjast fyrir um störf hans. Þá er maður með sama nafni einnig kærður fyrir að hafa sprengjuvefni í bíl sínum árið 1996.

Mótmælendur föstureyðinga hafa lengi ofsótt Tiller. Árið 1986 var sprengju komið fyrir á þaki læknastofu hans svo byggingin skemmdist illa og árið 1991 voru tvö þúsund mótmælendur handteknir fyrir utan læknastofu hans. Árið 1993 var hann skotinn í báða handleggja fyrir utan stofu sína, en náði sér þó eftir þá skotárás og var árásmáðurinn dæmdur í ellefu ára fangelsi.

Sjálfur var Tiller sýknaður í mars síðastliðnum af ákæru um að hafa framkvæmt níttján ólöglegar föstureyðingar árið 2003.

- ag



**SKÝJABORGIR** Margir lántakendur húsnæðislána, sérstaklega erlendra lána, hugsa sig tvisvar um áður en þeir skrifa undir skuldbreytingar hjá bönkunum. Enda hefur því verið haldið fram að lánin séu ólögleg.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

# Fólk hugi að réttindamissi

Formaður SFF telur nær útilokað að bankarnir nýti skuldbreytingar gegn viðskiptavinum sínum. Setja á fyrirvara við allar undirskriftir, segir lögmaður.

**EFNAHAGSMÁL** Fólk á ekki að vera hrætt við að skrifa undir skuldbreytingar hjá nýju bönkunum, segir Guðjón Rúnarson, formaður Samtaka fjármálafyrirtækja. Nær útilokað sé að bankarnir fari að nýta sér þær undirskriftir gegn hugsanlegum málshöfðunum í framtíðinni.

Björn Þorri Viktorsson lögmaður hefur varað við því að með frýstingu eða skuldbreytingu lána, kunni fólk að missa hugsanlegan rétt sem það hefði til málsóknar gegn bönkunum, svo sem vegna forsendubrests. Hann hefur lýst því yfir að mörg lán í erlendri mynt kunni að vera ólögleg sem slík. Með undirskrift sinni sé fólk að endurnýja samband við bankana. Þannig kunni að verða erfiðara að sækja mál.

Sagt er að hegðun bankanna sjálfra hafi stuðlað að efnahagshruninu, og því geti skuldarar hugsanlega kært bankana, sér í lagi vegna aðgerða sem stuðluðu að gengishruni.

Guðjón segir málið ekki hafa verið tekið fyrir innan samtaka hans. En nýju bankarnir hafi tekið við lánunum með öllum réttindum og skyldum sem þeim fylgja.

„Og þetta er ekki bara spurning um lögfræði og kröfurétt heldur um hvað sé sanngjarnt og eðlilegt, segir hann. Hafi gömlu lánin verið gölluð með þessum hætti, verði það frekar nýju bankarnir sem geri



GUÐJÓN RÚNARSSON

BJÖRN ÞORRI VIKTORSSON

kröfu á gömlu bankana, heldur en að þeir fari að halda almenningi í gallaðri skuld.


„Telji lántakandinn sig hafa forsendur til að fara í dómssál, þá getur hann gert það gagnvart þeim sem heldur á skuldbæfinu,“ segir Guðjón.

Björn Þorri Viktorsson er með á fjórða hundrað viðskiptavinum, sem skulda bönkunum og vilja stefna þeim. Hann hvetur alla til að setja fyrirvara við undirskriftir.

„Það kann að vera, ef fólk setur ekki fyrirvara og heldur til haga hugsanlegum rétti í þessu máli, að það glati rétti sínum til þess síðar. Dómstólar hafa komist að því að með því að fólk haldi áfram í einhverju samningssambandi án fyrirvara, hafi þeir glatað þessum rétti,“ segir hann.

Björn Þorri vonast til að geta lagt fram fyrstu málin af þessum toga fyrir sumarið.

klemens@frettabladid.is



## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

# BS-nám í tannsmíði

Tannlæknadeild Háskóla Íslands býður upp á nám til BS-prófs í tannsmíði. Nám í tannsmíði er krefjandi, fræðilegt og verklegt nám, þar sem nemendur kynna viðurkenndum aðferðum í munngerðsmíð og raunverulegum verkefnum.

Umsóknarfrestur er til 5. júní.

Nánari upplýsingar á [www.tannlaeknadeild.hi.is](http://www.tannlaeknadeild.hi.is)HÁSKÓLI ÍSLANDS  
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

## SEGIR KRÖFUR HALDA SÉR

Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmaður segir að fólk og fyrirtæki, sem eiga kröfur á gamla bankana, eigi sama rétt gagnvart nýju bönkunum og þeim gömlu. Það glati engum rétti þótt krafan sé komin yfir á nýjan aðila. „Ef þú átt einhvern rétt vegna þess að gamli bankinn hefur beitt þig misrétti, þá áttu ekki að missa hann þótt krafan sé komin yfir á nýjan aðila,“ segir hann. Fjármálaeftirlitið hafi tekið þetta fram þegar bönkunum var skipt upp.



JÓHANNES KARL SVEINSSON



# IQ-CARE

HEILSUDYNNUR OG HEILSUKODDAR


## TILBOÐ á stillanlegum rúmum

### PROFLEX

Vinsælasta  
stillanlega  
rúmið  
hjá okkur



Íslenskir botnar  
Íslensk framleiðsla  
Margir leðurlitir í boði



**20-50% afsláttur**  
af völdum vörum

**20% afsláttur**  
af fylgihlutum við dýnukaup



6 mán. vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150  
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)





**Í LJÓSKULEIK** Í Lettlandi var um helgina brugðist við fjármálakreppunni með nýstárlegum hætti. Blásið var til ljóskumótmeala gegn fjármálakreppunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Dómsmálaráðherra: Öfug sönnunarbyrði í haust

**LÖGREGLUMÁL** Dómsmálaráðherra telur stöðugt þarfnast skoðunar hvort lögregla hafi nauðsynleg úrræði til að stemma stigu við afbrotum. „Ísland má að sjálfsgöðu ekki vera eftirbátur nágrannaríkja,“ segir Ragna Árnadóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra.

Hún bendir á að á síðasta þingi hafi ekki verið útrætt frumvarp til breytingar á almennum hegningarlögum. Í því var sönnunarbyrði snúið þegar vegna verðmæta sem gerð hafi verið upptæk hjá manni sem gerst hafi sekur um brot. „Frumvarpið verður að öllum líkindum endurflutt næstkomandi haust,“ segir hún. - ghs

## Sjálfsvíg færri en í fyrra: Fimm tilvik skráð á árinu

**HEILBRIGÐISMÁL** Fyrstu fjóra mánuði ársins hafa fimm sjálfsvíg verið skráð hjá Landlæknisevntættinu, talsvert minna en á sama tíma í fyrra.

Fram kemur á vef embættisins að samkvæmt óstaðfestum tölum slysadeildar virðist ekki bera á fjölgun sjálfsvígstilrauna síðustu mánuði þrátt fyrir kreppuna.

Landlæknir tók saman upplýsingarnar vegna orðröms um fjölgun sjálfsvígna. Embættið bendir á að innlögnum á geðdeild hafi fækkað, og engin merki séu um aukna notkun geölyfja. - bj

## DANMÖRK

### Skírður í júlí

Litli prinsinn, sonur Jóakims Danaprins og Maríu prinsessu, verður, að sögn danska hofsins, skírður í Møgeltonderkirkju í Danmörku 26. júlí. Litli prinsinn fæddist á ríkissjúkrahúsinu í Danmörku 4. maí og verður því tæplega þriggja mánaða þegar hann verður skírður.

LÍÚ hefur orð forsætisráðherra fyrir því að til sé könnun um áhrif fyrningarleiðar í sjávarútvegi:

# Fara fram á að sjá könnun stjórnarinnar

**SJÁVARÚTVEGUR** Sigurður Sveinn Sverrisson, upplýsinga- og kynningarmálastjóri LÍÚ, segist undrast það að ríkisstjórnin sé ekki tilbúin að kynna könnun sem hún lét gera á áhrifum fyrningarleiðar.

„Forsætisráðherra sagði í Kastljósi 11. maí að stjórnin hafi kannað þetta,“ segir Sigurður Sveinn. „Því spyrjum við; hver gerði þessa könnun, hvornig var hún gerð, hver er niðurstaðan og af hverju er hún ekki kynnt?“

LÍÚ berst af fullum þunga fyrir því að fyrningarleið verði ekki farið. Sveitarstjórn Súdavíkurhepps



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

hefur ályktað að það skori á stjórnvöld að koma fram með útfærslu á aðgerðunum og könnun á áhrifum hennar. Segir Ómar Már Jónsson sveitarstjóri að án þessara upplýsinga verði umræðan lítt til gagns. Enn fremur skorar hann á stjórnvöld að láta ekki af aðgerðunum nema þá ef slíkar kannanir sýni að þær séu óhagkvæmar fyrir þjóðfélagið í heild.

Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingar, sagði í Fréttablaðinu 4. apríl síðastliðinn að fyrningarleiðin hefði ekki verið útfærð „í smáatriðum“ eins og hann komst að orði. - jse

## HEFUR STJÓRNIN LÁTID GERA ÚTTEKT Á ÁHRIFUM FYRNINGARLEIÐARINNAR?

„Ég vil fullvissa alla aðila um það að við munum skoða áhrifin af öllum þessum aðgerðum sem við förum út í og höfum reyndar gert það og gerum okkur alveg ljóst að það er hægt að gera þetta þannig að það geti sem flestir búið í sátt við fiskveiðistjórnunarkerfið.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í Kastljóssviðtali á RÚV 11. maí 2009.

„Við höfum ekkert útfært þetta í smáatriðum hvað varðar upphæðir né annað. Enda teljum við að hvorki ég né einstakir þingmenn Samfylkingar séum bestu menn til að útfæra þessi smáatriði. Það verður að gera það í sátt við alla aðila og banka og með samvinnu bestu sérfræðinga.“

Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingar. Fréttablaðið 4. apríl

# Bankarnir sagðir koma í veg fyrir fasteignaviðskipti

Bankarnir fylgja ekki allir sömu stefnu í málefnum húseigenda. Útibú sama banka fylgja jafnvel mismunandi stefnu, segja fasteignasalar. Mál sem eru til þess fallin að lækka skuldabyrði fólks fá ekki afgreiðslu.

**FASTEIGNASALA** Fasteignasalar óska eftir því að bankar skýri þau sjónarmið sem ráði ákvörðunum þeirra varðandi fasteignalán, veðflutninga og yfirtökur.

Eftir að bankarnir voru ríkisvæddir er ógerningur að gera sér grein fyrir sjónarmiðum bankanna sem geri fasteignasölum og viðskiptavinum þeirra erfitt fyrir. Þetta segja Ólafur Blöndal, eigandi fasteign.is, Óskar R. Harðarson, framkvæmdastjóri Mikluborgar, og Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félag fasteignasala.

„Bankarnir eru allir í ríkiseigu svo það er í hæsta lagi óeðlilegt að þeir hafi ólíka stefnu, hvað þá að hún sé breytileg eftir útibúum,“ segir Ólafur. Samningum sem virðast borðleggjandi sé hafnað af bönkunum og segjast þau ekki sjá á hvaða forsendum. „Hvaða tilgangi þjónar það til dæmis,“ spyr Ólafur, „að hafna fólki sem vill minnka við sig og lækka sínar skuldir með því að selja eign sína og fá ódýrara húsnæði upp í og borga lánið niður með milligjöfinni? Það minnkar við sig, lækkar skuldir, heldur sama veðhlutfalli en er samt hafnað.“

Óskar segist einnig kannast vel við þennan vanda og segir fjögur til fimm nýleg dæmi um slík mál þar sem sínum viðskiptavinum hafi verið hafnað. „Ekki er verið að ganga út frá hagsmunum viðskiptavinarins í slíkum tilfellum,“ segir Óskar.

„Því spyrjum við þeirrar einföldu spurningar hvaða sjónarmið það séu þá sem ráði? Þetta er í hrópandi ósamræmi við það sem Steingrímur J. Sigfússon [fjármálaráðherra] hefur sagt um að bankar ættu ekki að horfa svo mikið í eiginfjárstöðu hjá fólki heldur greiðslugetu þess.“ Þau segja enn fremur að fyrir bankahrun hafi útibússtjórnar haft mun meira ákvörðunarvald. Nú hafi það verið fært en ekki sé alltaf ljóst hvert. Það hafi orðið til þess að afgreiðsla taki mun meiri tíma og oft sé erfitt að fá upplýsingar, til dæmis um forsendur höfnunar. jse@frettabladid.is

**ÓLAFUR BLÖNDAL HJÁ FASTEIGN.IS** Misræmi í vinnulagi og stefnu bankanna gerir fasteignasölum og viðskiptavinum þeirra erfitt fyrir og ekki var á það bætandi, segja fasteignasalar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



## SVÖR BANKANNA

**Gunnar Kristinn Sigurðsson frá Samskiptasviði Íslandsbanka:**

„Íslandsbanki vísar því að bug að umsóknum um yfirtöku lána eða ný húsnæðislán hafi verið synjað á öðrum forsendum en faglegum.“

Verklag og vinnulagi í útibúum Íslandsbanka hefur ekki tekið breytingum síðustu mánuði hvað varðar ákvarðanatöku. Markmið bankans er að veita viðskiptavinum faglega og ábyrga þjónustu og að öllu jöfnu upplýsum við okkar viðskiptavini um hversu langan tíma tekur að vinna til að mynda greiðslumat vegna lánaþyrngreiðslu. Allt kapp er lagt á örugga og skjóta þjónustu. Staða og þarfir viðskiptavina Íslandsbanka eru mismunandi og því leggjum við áherslu á einstaklingsbundna þjónustu byggða á faglegri ráðgjöf með hag viðskiptavina okkar sem meginmarkmið.

Tekið er tillit til tryggingastöðu og greiðslumats viðskiptavinar þegar lagt er mat á lánsúmsókn um húsnæðislán. Þegar um er að ræða beidni um yfirtöku húsnæðislána í fasteignaviðskiptum skipta báðir þættirnir miklu máli, en að öllu jöfnu er slíku beidnum ekki synjað þó svo að veðhlutfall fari umfram leyfileg mörk bankans enda sé greiðslugeta til staðar og nýr lántakandi metinn til jafns við þann eldri.“

**Ólafía Harðardóttir, sérfræðingur á hagfræðideild Landsbankans:**

„Sjónarmið Landsbankans við ákvörðunartöku varðandi yfirtöku á lánum eru einföld, hvert mál er skoðað fyrir sig og mestu máli skiptir greiðslugeta þess sem á að taka yfir lánið. Ef greiðslugeta er til staðar þá er liðkað til fyrir viðskiptum. Starfsfólk Landsbankans leggur sig fram um að liðka til fyrir svona viðskiptum ef það er hagar kaupanda og

seljanda og bankinn er ekki verr settur. Varðandi vinnulagi þá taka þessi viðskipti tíma en að mati bankans er tíminn mjög ásættanlegur í ljósi þess hve mikla vinnu þarf að leggja við mat á málum sem þessum til að tryggja faglega niðurstöðu. Hér er um að ræða flókna samninga, háar fjárhæðir og mikið er í húfi fyrir alla málsaðila.“

**Berghildur Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi Kaupþings:**

„Hvert og eitt mál er skoðað þegar það kemur upp og miðað er út frá því að allir fái sömu meðferð. Samkvæmt upplýsingum frá viðskiptabankasviði hafa engin mál verið stöðvuð þar sem fólk vill minnka við sig. Þegar mál eru metin þá er farið eftir greiðslugetu hvers og eins. Þá fer bankinn fram á að fólk sem minnkar við sig [...] nýti milligjöfina til að greiða niður áhvilandi lán þannig að veðstaða sé ekki verri en hún var áður en fólk minnkaði við sig.“

Af litlum neista...  
Nýtt magalyf án lyfseðils

**Omeprazol Actavis**  
- öflugt lyf við brjóstsviða og súru bakflæði  
20 mg, 28 stk. - fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Notkunarsvið: Omeprazol Actavis inniheldur omeprazol sem hefur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. Frábendingar: Öfnæmi fyrir innihaldsefnum, samtímis notkun lyfja sem innihalda claritromýcin hjá sjúklingum með skerta lífrastarfsemi, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavir. Varið: Gæta skal sérstakrar varðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfðaleikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blóð í hægðum, ef lífrar- eða nýrnastarfsemi er skert. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. Meðgangi/brjóstgjöf: Leitnið ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. Akstur og notkun véla: Aukaverkanir, svo sem þreyta, sviði og heymarturflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Aukaverkanir: Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðaregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. Skammtastærðir: Fullorðnir: 1 sýrupólí hylki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg í sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækninn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á sýrupólunni hylkin með glasi af vökva. Sýrupólunni hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mylja sýrupólunni hylkin. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Janúar 2009.

actavis  
hagur í heilsu

Forræðisdeila er orðin að millírkjædeilu milli Rússlands og Finnlands:

## Feðgum smyglað frá Rússlandi

**FINNLAND** Deila er komin upp milli finnskra og rússneskra stjórnvalda eftir að sendiráðsstarfsmaður Finna í Sankti Pétursborg í Rússlandi smyglaði nýlega föður og ungum syni hans frá Rússlandi yfir landamærin til Finnlands í skottinu á bíl sínum.

Rússar krefja Finna svara um hvort embættismaðurinn hafi verið að sinna embættisskyldum sínum þegar hann smyglaði feðgunum úr landi, að sögn Hufvudstadsbladets.

Rimma Salonen, sem er rússneskur ríkisborgari, fór með son sinn, Anton, frá Finnlandi til Rússlands fyrir rúmu ári án samþykkis föðursins og notaði til þess falska pappír.

Hún fékk vinnu á leikskóla í borginni Nizhny Novgorod og settist þar að. Anton er finnskur

ríkisborgari og hafði faðir hans fengið forræði yfir honum.

Paavo Salonen, faðir drengsins, kom ári síðar til Rússlands og fór með Anton í finnska sendiráðið í Sankti Pétursborg. Þar dvöldust þeir í þrjár vikur. Simo Pietiläinen, lögfræðingur í finnska sendiráðinu, taldi þá útséð um að faðirinn fengi lausn sinna mála svo að hann kom feðgunum fyrir í skottinu á bíl sínum og ók með þá til Finnlands.

Pietiläinen er enn opinberlega í þjónustu finnska utanríkisráðuneytisins en hefur verið sendur í leyfi og á ekki afturkvæmt til Sankti Pétursborgar. Rússar hafa mótmælt formlega við Alexander Stubb, utanríkisráðherra Finna. Stubb hefur á hinn bóginn sagt að stjórnvöld vilji finna lausn á málinu í friði og ró. - ghs



**FÖR MEÐ DRENGINN TIL BAKA** Deilt er um forræði yfir finnsk-rússneskum dreng.



Bíræfinn páfagaukur:  
**Flaug á brott með vegabréfið**

**WELLINGTON, AP** Bíræfinn páfagaukur kom auga á vegabréf skosks ferðalangs í plastpoka í farangursgeymslu rútu á Nýja-Sjálandi á fimmtudag. Hann hnuplaði vegabréfinu og flaug á brott með það inn í þéttan skóg.

Vegabréfið hefur ekki fundist, og lögregla telur ólíklegt að það finnist nokkurn tíma aftur í skóginum.

„Ætli hann sé ekki að nota það í einhverja svikastarfsemi núna,“ sagði eigandi vegabréfsins í samtali við nýsjálenskt dagblað. Hann gæti þurft að bíða í sex vikur eftir nýju vegabréfi og greiða á fjórða tug þúsunda fyrir það. - sh

Kosningar á Grænlandi:  
**Motzfeldt of drukkinn í flug**

**DANMÖRK** Jonathan Motzfeldt, fyrrverandi formaður grænlandska landstjórnarinnar, fékk ekki að fara um borð í þyrlu, sem var á leið frá Qaqortoq til Narsarsuaq um miðjan maí, þar sem hann þótti of drukkinn.



JONATHAN MOTZFELDT

Þetta hefur danska ríkisútvarpið eftir grænlandska dagblaðinu Sermitsiaq.

Motzfeldt var á leið á kosningafund. Heimildarmenn grænlandska blaðsins halda því fram að hann hafi brugðist reiður við þegar honum var fylgt út og hrópað að hann væri „konungurinn af Grænlandi“. - ghs

**ÁRBORG**

**Aki ekki sorpi í bæinn**

Bæjarráð Árborgar vill ekki að úrgangur af starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands verði ekið til höfuðborgarsvæðisins og vill láta fresta aukaaðalfundi Sorpstöðvarinnar, þar sem afgreiða átti tillögu þessa efnis. „Slíkur flutningur er kostnaðarsamur, hefur mikil áhrif á umhverfi og skapar aukna umferð á vegunum.“

**Dagslinsur**  
 Kr: 2.490.-

Hamrahlöð 17 - Húsi Blindrafélagsins  
 105 Rvk. • S: 552 2002



**Háskólinn á Akureyri**  
 University of Akureyri

# LÆRÐU MEIRA!

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI BÝÐUR FRAMHALDSNÁM Í ÖLLUM DEILDUM

<p><b>HEILBRIGÐISDEILD</b>  <i>Heilbrigðisvísindi</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▶ 30 ECTS diplóma</li> <li>▶ 60 ECTS diplóma</li> <li>▶ M.S.</li> </ul> <p><b>VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDAEILD</b>  <i>Auðlindafræði M.S.</i>  <i>Viðskiptafræði M.S.</i></p>	<p><b>HUG- OG FÉLAGSVÍSINDAEILD</b>  <i>Heimskautalögfræði LL.M. / M.A.</i>  <i>Kennarafræði</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▶ 30 ECTS kennsluréttindi</li> <li>▶ 60 ECTS kennsluréttindi</li> <li>▶ 120 ECTS M.Ed./kennsluréttindi</li> </ul> <p><b>Menntunarfræði</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>▶ 60 ECTS diplóma</li> <li>▶ 120 ECTS M.Ed.</li> <li>▶ 120 ECTS M.A.</li> </ul>
---	---

*Engin skólagjöld, innritunargjald kr. 45 þúsund fyrir skólaárið*

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ** *Nánari upplýsingar eru á [www.unak.is](http://www.unak.is) eða í síma 460 8000*

**HÁTÍÐ HAFSINS**  
 6.-7. júní 2009  
[www.hatidhafsins.is](http://www.hatidhafsins.is)

GRANDAGARÐUR

H2 design





Á FLÓTTA Íbúar þorps í Bangladesh, sem varð illa úti í aurskríðum af völdum fellibylsins Ailu, á flóttu í leit að öruggari dvalarstað. Minnst 191 fórst af völdum óveðursins í Bangladesh og á Indlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tilskipun Evrópusambandsins um samræmda löggjöf um þjónustustarfsemi:

## Samþykkt með fyrirvörum

**STJÓRN MÁL** Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum á þriðjudag að innleiða þjónustutílskipun Evrópusambandsins, en hún felur í sér að löggjöf um þjónustustarfsemi verði samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu.

Innleiðingin er þó með skýrum fyrirvörum, segir Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra. „Það eru sams konar fyrirvarar og Norðmenn settu, með örlítið nánari útlitun af okkar hálfu,“ segir Ögmundur.

Fyrirvararnir snúa að því að það verði á forræði ríkis og sveitarfélaga hér á landi að ákveða með hvaða hætti

almannþjónustu verður skipað og því muni þjónustutílskipuninni einungis ná til markaðsvæðrar þjónustu. Ögmundur segir ekki nógu skýrt kveðið á um muninn á almannþjónustu og markaðsvæðri og því hafi fyrirvararnir verið settir.

„Ástæðan fyrir því að ég vildi fresta innleiðingunni var til að fara rækilega yfir málin. Þetta er til marks um breytt vinnubrögð í þessari ríkisstjórn hvað varðar tilskipanir frá Brussel.

Nú er þetta ekki afgreitt á færibandi, nánast með bundið fyrir augun,“ segir Ögmundur.

- 55



ÖGMUNDUR JÓNASSON Heilbrigðisráðherra segir tilskipanir frá Brussel ekki lengur afgreiddar á færibandi af ríkisstjórninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Týndar upplýsingar:

## Gætu ógnað öryggi hermanna

**BRETLAND, AP** Upplýsingar er varða einkalíf yfirmanna breska flughersins sem hurfu af einni af herstöðvum þeirra í september síðastliðnum þykja viðkvæmari en áður var talið.

Í upphafi var sagt að einungis heimilisföng og bankaupplýsingar hefðu horfið. Núna hefur hins vegar komið í ljós að upplýsingarnar innihalda mjög viðkvæm og persónuleg málefni svo sem fíkniefnanotkun, framhjáld og heimsóknir til vændiskvænna.

Hætta er talin á að upplýsingarnar falli í rangar hendur.

- hds



Í BOTSVAÑA Íbúar Botswana eru ánægðir með lýðræðið sem þeir búa við.

NORDICPHOTOS/AFP

Lýðræði í Afríku:

## Botswana með mesta lýðræðið

**SUDUR-AFRÍKA, AP** Fleiri Afríkubúar vilja nú lýðræði en áður. Samkvæmt nýrri könnun sem gerð var í nítján löndum álfunnar hefur stuðningsmönnum lýðræðis fjölgað um fimm prósent síðan 2005, þegar fjörutíu prósent afrískra borgara vildu lýðræði.

Öfbeli og spilling hefur sett sitt mark á kosningar í mörgum ríkjum Afríku og þykir það valda vantrausti fólks á þeim stjórnvöldum sem þó teljast stýðjast við lýðræði. Stóraukinn stuðningur mælist við lýðræði í Gana og á Grænhöfðaeyjum. Orðstír lýðræðis er þó bestur í Botswana, þar sem 91 prósent íbúa telur sig búa við mikið lýðræði. Botswana hefur verið lýðræðisríki síðan það fékk sjálfstæði frá Bretum árið 1966.

- hds

### ÖLFUS

#### Drekka vatn gegn greiðslu

Körfuknattleiksdeild Þórs hefur gert samstarfsamning við Vatnsveitu Þorlákshafnar, munu þeir hvetja aðra til þess að drekka vatn úr krana. Leikmenn Þórs munu mæta í leikskólann og grunnskólann og fræða börnin um mikilvægi vatnsins. Einnig munu þeir láta sjá sig drekka vatn opinberlega, meðal annars á leikjum liðsins.

# Sársaukafullar aðgerðir fram undan

Sú upphæð sem spara á næsta hálfu árið nemur nær öllum útgjöldum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þá á að ná niður tuttugu milljarða halla með samdrætti eða auknum tekjum og ljóst er að sársaukafullra aðgerða er að vænta.

**EFNAHAGSMÁL** Á næsta hálfu ári á að draga úr fjárlagahallanum um tuttugu milljarða króna. Það er aðeins byrjunin, því rétt er um að alls þurfi að stoppa í 170 milljarða króna gat. Umræða síðustu mánaða hefur gert flesta ónæma fyrir háum upphæðum og er því ekki úr vegi að setja tuttugu milljarða í samhengi við útgjöld ríkisins. Heildarfjárlög ársins 2009 nema 556 milljörðum króna.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu voru samkvæmt fjárlögum á þessu ári ætlaðir 23,5 milljarðar króna. Stærsti útgjaldaliður þess er Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu með 3,2 milljarða og því næst Landhelgisgæslan með 2,7 milljarða.

Landspítalinn er með 33 milljarða króna framlag á fjárlögum þessa árs og 28,2 milljarðar fara í sjúkratryggingar, en þetta eru langhæstu útgjaldaliðir heilbrigðisráðuneytisins. Jóhanna Sigurðardóttir hefur sagt að ekki verði gengið að þeim verst settu í niðurskurðinum, þannig að óljóst er hve mikið er hægt að spara í því ráðuneyti.

Lífeyrstryggingar nema um 55 milljörðum króna á árinu, en breytingar á þeim eru vandkvæðum bundnar. Í atvinnuleysistryggingasjóð voru ætlaðir 17,7 milljarðar króna, en ljóst er að viðbótarframlag þarf þar. Sjóðurinn verður uppurinn í október eða nóvember, samkvæmt upplýsingum frá Vinnuámalastofnun.

Fæðingarorlof kosta ríkið 10,6 milljarða króna á ári og barnabætur 10,1 milljarð. 7,8 milljarðar fara



ALMENNINGUR Ljóst er að almenningur mun finna fyrir þeim sparnaðar- og tekjumyndunaraðgerðum sem fram undan eru. Stoppa þarf upp í gríðarlega stór gót í fjárlögum sem ekki verður gert án fórna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í vaxtabætur. Þá má geta þess að öll samgönguverkefni ársins 2009 samtals kosta 31,4 milljarða samkvæmt fjárlögum.

Allt sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fær samkvæmt fjárlögum 17,5 milljarða króna. Hæstu greiðslur þar eru vegna mjólkurframleiðslu, 5,6 milljarðar, og sauðfjárframleiðslu, 4,1 milljarðar.

Launagreiðslur hins opinbera nema um 124 milljörðum króna, að lífeyrissjóðsgreiðslum meðtöldum. Ljóst má vera að til að spara tuttugu milljarða á hálfu ári, að ekki sé nú talað um 170 milljarða, verður að hrófla við þeim greiðslum. Launafólk í almenna

### NOKKUR DÆMI\*

Lífeyrstryggingar	54,9
Heilsugæsla á höfuðb.sv.	3,7
Tollstjórnin í Reykjavík	1,8
Afskriftir skattkrafna	10
Barnabætur	10,1
Byggðastofnun	0,5
LÍN	6,9
Háskóli Íslands	9,9
Ríkisútvarpið	2,9
*í milljörðum króna	

geiranum hefur margt hvert tekið á sig fimm til tíu prósent launskerðingu, eða jafnvel meira. Nú má búast við að komið sé að opinberum starfsmönnum.

kolbeinn@frettabladid.is



Í VÖRN Kristjaníubúar reyna að varna því að ríkið taki svæðið aftur yfir.

Landsréttur um Kristjaníu:

## Dómur hafnar kröfu fríríkisins

**DANMÖRK, AP** Eystri landsréttur í Danmörku hefur nú úrskurðað að fríríkið Kristjanía hafi ekki landnýtingarréttinn á svæðinu þar sem fríríkið stendur.

Kristjanía var stofnuð árið 1971 þegar hippar byrjuðu að hafast við í gamalli herstöð.

Nú hefur dómstóllinn gefið út að það hafi ekki verið leyfilegt. Hann hefur því vísað frá kröfu fríríkisins um að stjórnvöld skuli láta af áætlunum sínum um að endurheimta landsvæðið. Forsvarsmenn Kristjaníu hyggjast áfrýja málinu til hæstaréttar. Deilur hafa staðið um svæðið síðan 2004.

- hds

Áritunarreglur samræmdar:

## Lokka á hæft fólk til ESB

**BRUSSEL, AP** Nýtt samræmt kerfi á veitingu vegabréfsáritana hefur verið samþykkt af Evrópusambandinu. Þetta nýja kerfi auðveldar sérhæfðu erlendu starfsfólki að fá starfsleyfi í eitt ár innan landa ESB. Ætlunin er að þetta muni laða að lækna, háskólamenn og annað sérhæft fólk frá Indlandi, Kína og víðar af.

Með þessu er reynt að sporna við fækkun á sérhæfðu starfsfólki vegna hækkandi aldurs.

„Aðflutningur sérhæfðs starfsfólks til Evrópu mun bæta samkeppnishæfni okkar og efnahag,“ sagði Jacques Barrot, sem fer með dóms- og innanríkismál í framkvæmdastjórn ESB.

- hds

## LAGERSALA Opíð 13-18

Eldhúsvaskar  
Frá kr. 3.900

Blöndunartæki  
Frá kr. 3.900

Baðspeglar  
Kr. 990

**NÝ SENDING**  
Hitastíró tæki

Mikið úrval af krókum  
handklæðaslám  
og fl.



Sími: 894 1411 / 861-7540 • Norðurhella 10 Hafnarfjörður

Múlalundur, vinnustofa SíBS, fagnar fimmtugsafmæli sínu á þessu ári:

## Hvetja fólk til að velja íslenskt

**NÝSKÖPUN** „Okkur líður bara mjög vel með þetta. Það má segja í dag, eftir allt sem er búið að ganga, að þau eru ekki mörg fyrirtækin sem ná fimmtíu ára aldri,“ sagði Helgi Kristófersson, framkvæmdastjóri Múlalundar, ánægður með fimmtíu ára afmælið.

Múlalundur fagnaði fimmtugsafmæli sínu með opnu húsi í höfuðstöðvum vinnustofu félagsins í Hátúni 10a í Reykjavík fyrir helgi. Meðal gesta var herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.

Til að fagna þessum áfanga ákvað Múlalundur í samvinnu við Nematorg að hrinda af stað nýrri vörulínu sem mun auðvelda tölvunotkun og lestur bóka og dagblaða. Helga finnst mikilvægt að fólk nýti sér íslenskar vörur sem eru til staðar frekar en erlendar. „Þau komu hérna og voru að spá í möguleika og við tókum þeim bara vel,“ segir Helgi um hvernig samstarfið við Nematorg byrjaði.

Vörulínan, sem er alíslensk nýjung, var hönnuð í samráði við lækna, iðjuþálfa og starfsmenn Múlalundar.

„Ég prófaði þetta á móður minni á Hrafnistu, en hægri höndin á henni virkar ekki vel. Núna getur



ÍSLENSK NÝJUNG Ólafur Ragnar Grímsson forseti fékk að gjöf eintak úr hinni nýju vörulínu Múlalundar og Nematorgs.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hún flett og lesið bók sem hún hefur ekki getað lengi og hefur gaman af,“ segir Helgi, en bókastandurinn er einn af nýju vörunum frá Múlalundi.

- hds



# TAX FREE! TAX FREE!

Aðeins þriðjudag og miðvikudag

## SUNWIND

Gasgrill, burstað stál, rafkveikja, niðurfellanleg  
hliðarborð, 2-3 brennarar.

Athugið að úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## TAX FREE! SUNWIND GASGRILL



Að sjálfsgöðu stendur  
Húsasmiðjan skil á  
virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

Gildir í verslunum  
Húsasmiðjunnar um land allt.  
Munið opið til 21:00 í Skútuvogi



Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.



# AFMÆLI

Glæsileg afmælistilboð alla vikuna,



KRÓNAN

## LINDIR

KÓPAVOGI

Fjölmörg tilboð í öllum  
verslunum alla vikuna.  
Ný tilboð á hverjum degi.  
Á laugardag verður risa  
afmælishátíð.



Frábær afmælistilboð!

EXPO • www.expo.is

## Lífrænt og holt



Glæsileg tilboð og kynningar  
í lífrænu deildinni í dag!

**399** kr.  
pk.  
Orkubitar  
Smáhreysti, Smákraftur

Himnesk  
hollusta

**30%**  
afsláttur

KRÓNAN, OPIÐ VIRKA DAGA 11-20, HELGAR 10-20



# SHÁTÍÐ

vörukynningar og uppákomur!



**3.990** (fullt verð 6.990)

**HUMMEL** barnagalli. Litur: Rauður. Stærðir: 6- 8-10-12.



**BLEIKI BORDINN TIL STYRKAR RANNSÓKNUM Á BRJÓSTAKRABBAMEINI**

Bolur: **1.990** (fullt verð 3.990)

Buxur: **3.990** (fullt verð 9.990)

**CHAMPION** æfingabolur úr 100% bómull. Merktur bleika borðanum. St.: S-XL. Litir: Bleikur, grár. Buxur St. S-XL. Litur: Grár.



**1.990** (fullt verð 3.490)

**UMBRO D-PRO POLYTEE HERRA** Dry fit herra bolur. 3 litir: Svartur, hvítur og grár. Stærðir: S-XXL.



**4.990** (fullt verð 7.990)

**PUMA 3 PIECE STORY SET** Barnasett úr bómull. Rennd hettupeysa, bolur og buxur. Litir: Bleikt, blátt. Stærðir: 62-98.



**21.995**

**SONY**

Stafræn myndavél. **DSCS930(B/P/S)**. 10,1 milljón pixla, 3x optical aðdráttur og 6x stafrænn aðdráttur. Sony linsa með autofocus, 2,4" LCD skjár. Metal hús. ISO 3200 fyrir betri myndir í verri birtuskilyrðum. Face detection.

**99.995**

**TOSHIBA**

32" LCD sjónvarpstæki. **32AV500PG**. HD Ready með 1366x768p upplausn. 8.000:1 í skerpu (Dynamic). 400cd/m2 í birtustig. Viðbragðstími 6ms. Analog móttakari. Tenginguleikar eru eftirfarandi, 2x scart, component, 2xHDMI, composite, heymartólalengi.



**4.995**

**PHILIPS**

Hárklippur. **QG3020**. 9 lengdarstillingar (1,5 - 18 mm), sjálfbrynandi hniifar og sérstakur rakhaus fyrir hár í nefi og eyrum. Hleðslu- og geymslustandur fylgir.



**19.995**

**GUITAR HERO METALLICA GÍTAR FYLGIR MED**



Kreppan, stjórn málin og stefnan fram undan:

## Þeir klárustu klikkuðu

JÓN KALDAL SKRIFAR

Víðar en á Íslandi þykir snerpa stjórn málamanna hafa mátt vera meiri í aðdraganda og kjölfar hruns fjármálamarkaða. Þetta sjónarmið kemur til dæmis fram í merkilegri forsíðugrein júníheftis timaritsins The New York Review of Books. Greinin er endurrit af pallboðsumræðum nokkurra helstu þungavigtarmanna heims á sviði hagsögu, hagfræði og viðskipta, þar á meðal Nialls Ferguson, Pauls Krugman, George Soros og Nouriel Roubini.

Þessir miklu kappar eru í stórum dráttum sammála um að hæg viðbrögð bandarísku stjórn málastéttarinnar hafi orðið til að auka vandann. „Áföllin voru svo umfangsmikil og pólitíska ferlið svo silalegt að erfiðleikarnir hafa verið mun meiri en reiknað var með,“ var dómur Pauls Krugman, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði, í umræðunum sem fóru fram í New York.

Þessi gagnrýni á stjórn málamann bergmálar víða um heim. Hún er á vissan hátt ósanngjörn. Fjármálagæirinn var víðar en hér á Íslandi búinn að söga til sín lungann af gáfadastra og hæfasta fólkinu. Bankarnir og fjárfestingarfélögin létu sér ekki nægja dúxana úr viðskiptafræðideildunum, heldur kræktu líka í þá úr lögfræði, verkfræði, stærðfræði og víðar.

Það var þessi hópur sem varðaði veginn. Lengi vel virtist hann liggja til dýrðar en endaði svo fram af bjargbrúninni. Þeir klárustu klikkuðu.

Ráðaleysi stjórn málamannanna, þegar jörðinni var kippt undan þeim, var rökrétt afleiðing af því umhverfi sem þeir voru búnir að skapa. Þeir voru á vissan hátt búnir að afsala sér stjórnartáunum til manna, sem reyndust þegar upp var staðið ekki eins klárir og talið var.

Kjösendur þurfa að líta í eigin barm eftir skýringum á því af hverju svo var komið. Hver þjóð fær þá stjórn málamann og í framhaldinu þá samfélagsgærd, sem hún á skilið.

George Soros, einn frægasti spákaupmaður allra tíma, sagðist í pallborðsumræðunum í New York vonast til að nú þegar hið frjálsa fall væri að baki og hrundi gengið yfir, væri hægt að vonast til að hin pólitíska stefnumörkun gæti náð atburðarásinni, í stað þess að vera alltaf að baki henni.

Völdin eru sem sagt komin kirfilega til stjórn málamannanna og af meiri þyngd en hefur þekkt í áratugi.

Viðfangsefnið er mörg og flest af sama meidi í þeim hægkerfum þar sem vöxtur undanfarinna ára byggði á offramboði á lánsfé og skuldsetningu. Sá vöxtur gekk allur til baka. Í New York veltu menn fyrir sér hvornig væri hægt að halda fram veginn og vaxa á sjálfbærari hátt.

Hér á Íslandi stöndum við frammi fyrir sömu spurningu. Við þurfum líka að velja fyrir okkur hvornig þeim fyrirtækjum sem eru komin í eigu ríkisins verður komið aftur í einkaeigu. Ein leið er að skrá þau sem fyrst á markað, með allri þeirri upplýsingakvöld og gegnsæi sem fylgir slíkrri skráningu.

Það er stjórn málamannanna að greiða úr þessum flækjum og reisa nýja vegvísa. Ríkisstjórn landsins boðar skynsama stefnu um breitt samráð við þá vinnu. Nú er meira en mánuður liðinn frá kosningum og fjórir frá því að stjórnin tók við völdunum. Forystan verður að vera sköruglegri. Kjósendur hafa aðrar væntingar til stjórn málamanna heldur en fyrir hrún.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUPLÁG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal [jk@frettabladid.is](mailto:jk@frettabladid.is) og Þorsteinn Pálsson [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is) AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir [steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is). Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnis blaðsins í stafraenu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Issn 1670-3871



GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

## Aðalfundur Gigtarfélagssins

Aðalfundur Gigtarfélagss Íslands verður haldinn miðvikudaginn 3. júní, kl. 19:30 á Grand Hótel Reykjavík við Sigtún. Fundarsalur er Setrið.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Kolbrún Einarsdóttir næringarráðgjafi á Landspítala halda erindi er hún nefnir; Mataræði og gigt.

Allir eru velkomnir.

Gigtarfélag Íslands

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Hverju breyta hótanir?

Í viðskiptanefnd Alþingis eru stöku nefndarmenn og formaðurinn ósáttir við að hafa ekki fengið upplýsingar um duldar, eða lítt duldar, hótanir þýska stjórnvalda um að beita sér með einhverjum hætti í viðræðum Íslendinga við Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, yrði ekki kippt í strengi til að liðka fyrir greiðslum til óþreyjufullra EDGE-reikningseigenda hjá Kaupþingi í Þýskalandi. Án þess að vita um þetta samþykkti nefndin fyrir sitt leyti breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem gerðu greiðslur til þeirra kleifar og reyndar launagreiðslur til starfsmanna bankanna í

#### Annað tækifæri

Stjórn málamann sem gripnir eru þvegirðingshætti vegna þess „dónaskapar“ þýska



ollikr@frettabladid.is

## Endurmat í skugga kreppu

Haustið 2008, skömmu eftir að kreppan kom til Íslands af fullum þunga, kom út bók eftir Guðmund Magnússon, sem kalladist Nýja Ísland. Í því riti, sem væntanlega var að stórum hluta ritað áður en áhrif kreppunnar komu fram, kemur fram hörð gagnrýni á hugmyndafræði „útrásarinnar“ og misskiptingu auðs á Íslandi undir stjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks. Einnig tekst höfundur á við klisjuna um að íslenskt samfélag hafi losnað úr einhverjum læðingi undanfarna áratugi. Fyrir 1990 hafi allt verið hér í niðurníðslu en síðan höfum við orðið frjáls í skjóli duglegra athafnamanna sem hafi sett punktinn yfir i-íð með hinni margmæru útrás. Gagnrýni Guðmundar var athyglisverð fyrir þær sakir að hún var sett fram frá sjónarhóli hægri-manns, en vinstrimenn höfðu þá um nokkurt skeið sagt það sama. Undirritaður ritaði m.a. á vefritið Múrin við áramót og 2005 og sagði þá: „Vel má vera að þessi klisja fái snöggan endi ef braskið á hinum erlendu mörkuðum ber ekki þann árangur sem að er stemmt.“ Það þurfti svo sem ekki mikla athyglisgáfu til að geta haft áhyggjur af því hvert stefndi. Þar nægði að vísa til reynslunnar af verðbréfaloftbólunni sem náði hámarki á árunum 1999-2000 og hruninu í kjölfarið.

Staðreynd málsins er hins vegar sú að velti- og útrásartímabilið skilaði litlu til framfara á Íslandi. Á hinn bóginn voru árin 1945-1990 framfaraskið sem á engan sinn líka í Íslandssöggunni, þar með talið „haftaárin“ svokölluðu á sjötta áratugnum og verðbólguárin á áttunda áratugnum. Mannfjöldi á Íslandi tvöfaldadist á þessu tímabili en þó náðu



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Kreppan og endurmat

þjóðartekjur á mann að þrefaldast. Sá hagvöxtur varð þrátt fyrir það að forverjar athafnamannanna sem núna standa í útrás nytu ekki sömu skattfríðinda eða annarra forréttinda í boði ríkisvaldsins. Hann var að stórum hluta fjármagnaður af ríkisbönkunum sem síðan varð móðins að formæla. Á þessum tíma urðu landsmenn hávaxnari en áður hafði þekkt og lifðu lengur. Meðalævilíkur nýfæddra barna jukust um tæp 9 ár og ungbarnadauði minnkaði um 85%. Þessi árangur náðist m.a. með opinberri fjárfestingu í heilsugæslu og öðrum fyrirbyggjandi aðgerðum. Fjöldi lækna á íbúa tvöfaldaðist og Íslendingar urðu ein af langlífustu þjóðum í heimi. Almenn framhaldsmenntun var byggð upp á sáralitlum tíma í landi þar sem almenn skóla-skýlda var ennþá nýjung. Um 70% tánínga á aldrinum 16-19 ára stunduðu ekki skólanám árið 1950 en árið 1990 hafði þetta snúist við. Hlutfall nemenda í framhaldsskóla var þá um 70% og um 45% árgangssins luku stúdentsprófi. Samhengið á milli menntunar og hagvaxtar var þá skýrt fyrir stjórn málamönnum, sem voru sammála um að efla hið opinbera skólakerfi.

stjórnvalda að þrýsta á um skjótari málsmeðferð fyrir landa sína í stjórnkerfinu hér geta kannski einhverjir fundið reidi sinni farveg í umræðum í utanríkisnefnd Alþingis á morgun. Þar verður til umræðu aðildarumsókn að Evrópusambandinu og „undirbúningur mögulegrar umsóknar“ um aðildar. Einhver kynni að telja að þarna væru menn að fara að ræða sama málið, en samkvæmt dagkránni eru þau aðskilin, með númerin 38 og 54. Síðan er liðurinn önnur mál. Spurning hvort ekki kveður sér þar einhver hljóðs og fer fram á að fá að ræða um Evrópusambandið og mögulega aðildarumsókn. Allt er þegar þrennt er.

ollikr@frettabladid.is

## Áfram frítt í strætó?

### UMRÆÐAN

Hildur Björnsdóttir skrifar um strætó

Undanfarin ár hafa námsmönnum staðið til boða gjaldfrjálsar strætóferðir á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustan hefur mælt vel fyrir meðal námsmanna og gefið góða raun í borginni. Nú hins vegar hyggjast strætóyfirvöld leggja niður gjaldfrjáls strætókort vegna fjárhagsörðugleika sem alls staðar láta að sér kveða í íslensku samfélagi. Stúdentaráð Háskóla Íslands harmar þau áform og óskar þess að námsmönnum verði áfram boðnar gjaldfrjálsar strætóferðir næsta skólaár.

Langtímamarkmið gjaldfrjálsra strætókorta er aukin áhersla á notkun almenningsamgangna meðal ungs fólks, minni umferð einkabíla í borginni, bætt umhverfisvernd og aukinn sparnaður fyrir stúdenta og samfélagið í heild. Með gjaldfrjáls sum strætókortum má kalla fram nauðsynlega viðhorfsbreytingu meðal borgarbúa, auka notkun strætisvagna og stuðla þannig að sparnaði hvað varðar gatnaviðgerðir, umferðarmannvirki og annað gatnaviðhald.

Áður en öllum framangreindum markmiðum verður náð þarf þó einnig að taka leiðakerfi



HILDUR BJÖRNSDÓTTIR

og þjónustu Strætó bs. til gagnrærrar endurskoðunar svo strætisvagnar verði loks að ákjósanlegum fararkosti fyrir borgarbúa. Undirrituð kallar eftir því að ríkið styðji við erfiðan rekstur Strætó bs. með niðurfellingu opinberra gjalda og stuðli að bættum samgöngukostum í höfuðborginni. Styðja þarf sveitarfélögin í landinu við niðurgreiðslu strætókorta og tryggja að almenningsamgöngur verði að fýsilegum kosti fyrir námsmenn og allan almenning. Ólíkt því sem tíðkaðist síðasta skólaár eru stjórnvöld einnig hvött til að gæta jafnræðis og sjá til þess að allir námsmenn fái áfram frítt í strætó – óháð lögheimili eða þjóðaruppruna. Íslenski valdasprotinn er nú í höndum ríkisstjórnar sem í stjórnarsáttmála sínum leggur áherslu á græn gildi og stórefldar almenningsamgöngur. Nú þurfa menn að líta til framtíðar og taka ákvarðanir til hagsbóta fyrir samfélagið í heild – Íslendingar þurfa að ákveða hvers kyns höfuðborg þeir kjósa að byggja. Undirrituð hvetur því ríkisstjórnina til að standa við fögru orðin, stuðla að eflingu íslenskra almenningsamgangna og tryggja að námsmönnum verði áfram boðnar gjaldfrjálsar strætóferðir næsta skólaár.

Höfundur er formaður SHÍ.



# Opnunartilboð

Erum flutt í stærra og betra húsnæði að Skútuvogi 1.



A+ Orkunýtni

## Gorenje ísskápur

RK60355DE

Ryðfrítt stál.  
Nýtanlegt rými kælis 230 l.  
Nýtanlegt rými frystihólfs 86 l.  
Hljóðstig 40 dB(A).  
Bráðnunartími við straumrof: 18 klst.  
Frystigeta: 4 kg/dag.  
Mál (BxHxD): 180x60x64 cm.  
Verðlistaverð: 174.370

Tilboð **115.900**




60 cm

## Gorenje veggháfur

DK450E

Ryðfrítt stál. Breidd: 60 cm. Afstillingar: 3.  
Hljóðstig (max.): 58 dB(A).  
Afkastageta með kolasiu: 450 m³/klst.  
Þvermál loftops: 15 cm.  
Verðlistaverð: 38.421

Tilboð **19.900**



HI-LIGHT




## Gorenje helluborð Ora Ito

ECT600-ORA-E

Keramík helluborð.  
Breidd: 60 cm.  
Fjórar hellur.  
Tímastilling.  
Verðlistaverð: 136.737

Tilboð **85.900**



## Gorenje blástursofn

BO7110AX

Ryðfrítt stál. Breidd: 60 cm.  
Með hreinsibúnaði og pizza kerfi.  
Verðlistaverð: 113.579

Tilboð **89.900**



A Orkunýtni

A Þvottahæfni

A Þurrkun

## Fagor uppvottavél

LJF-0310

5 þvottakerfi. Hljóðstig: 52 dB(A).  
Stærð (HxBxD): 85x60x60.  
Verðlistaverð: 111.926

Tilboð **89.900**



A Þvottahæfni

45 l

A Orkunýtni

Carbo tech

33 cm

5 kg

## Gorenje þvottavél 5 kg

WA50120

Einföld, hljóðlát þvottavél.  
Með íslenskum leiðavísi. 1200 snúninga.  
Verðlistaverð: 103.684

Tilboð **86.900**



B Orkunýtni

34 cm

6 kg

## Gorenje þurrkari

D50310

Barkalaus þurrkari. Afkastageta: 6 kg.  
Þurrktími: 100 min.  
Verðlistaverð: 114.631

Tilboð **99.000**



# RÖNNING



## Enn um Draumalandið

### UMRÆÐAN

Sigurður H. Jóhannsson svarar grein Jóns Kristjánssonar um Draumalandið

Ég las grein Jóns Kristjánssonar í Fbl. 15. maí sl., „Til fundar við Draumalandið“. Greinin er högvær og góð eins og von var á úr þeirri átt. Jón segir þetta vera áróðursmynd. Það er rétt að því leyti að hún lýsir áhrifamætti áróðurs og hverju hann kom til leiðar. Með öflugum áróðri tókst að koma inn þeirri hugsun hjá mörgum að hér væri allt að fara í kaldakol og grípa yrði til örþrifa-ráða ef við vildum lifa hér mann-sæmandi lífi (ekki bara á fjalla-grösom). Óhamingju Íslands varð það að vopni, að hér var við völd ríkisstjórn sem boðaði að frelsunin fælist í óheftum peningaviðskiptum. Peningar áttu að vera framleiðsla sem seljan-leg væri um allan heim.

Mörgum finnst Ísland fagurt, þó ekki öllum, a.m.k. ekki öllum þingmönnum eða ráðherrum. Peningasinnar töldu sig geta flýtt fyrir gangsetningu mikillar peningaframleiðslu með því að bjóða útendum stórfyrirtækjum afnot af landinu. Það gæti auðveldað aðgang að erlendum fjárhirslum sem myndu þá gjarnan lána þeim nokkuð í erlendum gjaldeyri. Eftir nokkra leit tókst að semja við vinsamlegt risaálfyrirtæki. Að sjálfsgöðu var því boðin sú þénusta sem landsmenn gætu veitt, og yrði hún ódýrari en dæmi væru til annarsstaðar.

Fögnuður landsmanna var ekki minni yfir þessari dásamlegu frelsun en yfir unnu silfri í handbolta. Svipmyndir frá fagnaðarsamkomum voru sýndar í sjón-

varpi. Sumar þeirra eru felldar inn í kvikmyndina Draumalandið. Raunverulegan hagnað okkar veit efalaust fv. ráðherra, almenningur veit það ekki og má ekki vita það samkvæmt ákvörðun stjórnvalda (góðar fréttir skaða ekki).


Það var leitt hvernig tókst til með bankana. Sömu stjórnvöld og skipulögðu hið mikla stóriðjuævintýri bjuggu líka til og

og að umhverfistjónið sem hún ylli yrði ekki bætt. Þegar hér var komið önduðu margir léttar, en þá tók umhverfisráðherra afdrifarika ákvörðun; beitti ráðherra valdi sínu og ógilti úrskurð Skipulagsstofnunar ríkisins og úrskurðaði að leyfi fyrir virkjun yrði veitt. Þessi umhverfisráðherra hefur skráð nafn sitt í Íslandssöguna, það er Siv Friðleifsdóttir.

Í Draumalandinu birtist kafla úr sögu stjórnmalastefnu og þótt sumum sem fylgdu þeirri stefnu falli illa að rifja hana upp er lítið hægt að gera við því nú. Eini mót-leikur þeirra er að kalla birtingu sögunnar áróður. Áróður er fyrirbæri sem víða kemur við sögu, stjórnmalamenn skipuleggja áróður þegar þeim hentar og beita bæði sem varnar- og sóknarvopni. Þegar stórhuga peningafíklar fóru að nota sér frelsið sem frjálslyggjuríkisstjórn veitti þeim hófst sannkallaður berserksgangur í fjármálum, bæði utanlands og innan.

Raddir sem fóru að heyrast frá mönnum sem voru menntaðir á sviði efnahagsmála, um að hér væri ekki allt með felldu, fengu þær yfirlýsingar að þeir væru bara „eftirá vitringar“ úr Háskólanum með enga þekkingu á nútíma fjármálum. Svo þegar líkar raddir bárust frá útöndum sögðu stjórnendur peningamála hér að þetta væri áróður sprottinn af öfund og minnimáttarkennd því við stæðum þeim svo miklu fram- ar að þekkingu og dirfsku. Fjár- glæframenn okkar voru kallaðir útrásarvíkingar og þjóðhetjur. Gagnrýni hét Áróður.

Höfundur er áhugamaður um umhverfismál.



skipulögðu grunn að nýrri aðferð fyrir alla starfrækslu fjármála og banka. Myndin Draumalandið sýnir veruleikann í dag, inn í kvikmyndina eru felldar eldri fréttamyndir sem skýra atburðarásina betur en stutt innskot í fréttatíma sjónvarps. Glöggir menn voru við að ráðast í Kárahnjúkavirkjun, umhverfisverndarmenn mót-mæltu henni, Seðlabankinn varaði við þensluáhrifum stórlána erlendis vegna virkjunarinnar.

Skipulagsstofnun ríkisins hafnaði henni, meðal annars af því að fjárhagslega væri hún vafasöm

## Af virðingu við lífið

### UMRÆÐAN

Karl V. Matthíasson skrifar um umferðaröryggi



KARL V. MATTHÍASSON

Hvar sem við lítum Her fólk á ferð – í umferð. Þjóðin ver þar miklum tíma á degi hverjum. Því er mjög mikilvægt að umferðin sé góð, að okkur líði þar vel. Umferðin er samskipti fólks, mjög nán og skiptir öllu máli að þau séu jákvæð, að við sýnum hvert öðru kurteisi og velvild.

Í umferðinni ættum við að hafa Gullnu regluna að leiðarljósi: „Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður það skuluð þér og þeim gjöra.“ Umferðin krefur okkur þess að við höldum óskertri athygli þegar við erum á ferð. Við megum aldrei líta á umferðina sem tímaþjóf eða afneita því að hún er nauðsynlegur þáttur í lífi okkar, lífi sem við viljum eiga sem best.

Umferðin er oft mjög mikil. Við verðum að fara eftir settum lögum og reglum sem gerð eru – okkur til verndar og lífs. Ef við brjótum umferðarreglu þá vanvirðum við okkur sjálf og aðra.

Umferðin á sér nokkra höfuð- óvini, þeir eru: Óspennt öryggisbelti, hraði, alkóhól og önnur fíkniefni, farsímur og aðrir þjófar athyglinnar.

Verum ávallt jákvæð og til- litssöm í umferðinni, það er gott fyrir samferðafólk okkar og okkur sjálf.

Já, sá dagur líður varla að þátt- taka í umferðinni komi ekki við sögu hjá langflestu fólki. Og við eigum öll minningu af einstökum ferðum úr umferðinni. Mig langar til að nefna hér tvær. Önnur er af því þegar ég og eiginkonan mín vorum á leiðinni heim af

fæðingardeildinni frá Reykjavík til Tálknafjarðar. Við tvö, eldri sonur okkar og sá yngri, nokkurra daga gamalt barn okkar – komið út í umferðina. Ég ók eins varlega og ég gat með fjöl- skylduna mína. Ekkert mátti koma fyrir. Kannski hef ég aldrei verið eins góður ökumaður og einmitt í þessari ferð. Ég var allan

tímann að hugsa um það, hvað lífið er óendanlega verðmætt og oft á tíðum dásamlegt og hvíllik ábyrgð hvíldi á mér sem ökumanni. Hér var ekið varlega og af árvegni af virðingunni og ástinni við lífið.

Önnur minning: Ég er prestur og sit í farþegasæti líkþilsins sem ekur inn Skutulsfjörðinn eftir útförina í kapellunni, sem var í Menntaskólanum á Ísafirði. Ingi kirkjuvörður og -þjónn ekur bifreiðinni, en aftur í hvílir gömul kona í kistu sinni södd lífdaga. Bifreiðin ekur hægt og líkfylgdin á eftir. Af hverju var ekið hægt og varlega? Jú, það var af virðingu og þökk við lífið.

Þetta eru mér sterkar myndir og er ég viss um að margir eigi svipaðar minningar til. Minningar sem vekja hugsanir um það hvað mestu máli skiptir í góðu umferðaröryggi, það er að segja, við sjálf, sem erum á ferð og náungar okkar.

Við skulum ávallt hugsa um það þegar við erum stödd í umferðinni hvort við förum ávallt af gætni og með hugarfari virðingar fyrir öðrum og gleyma því ekki að umferðin krefst fyllstu athygli frá upphafi til enda. Höfum þetta í huga á því sumri sem nú er að byrja og eigum góða tíma í umferð sem getur oft á tíðum verið ánægjuleg og góð.

Höfundur er formaður Umferðarráðs.

# Hjól í sumarsól



### Explorer 1.0

Álstell 6061 TIG, SRAM 3.0 sjö gíra og Tektro V-bremsur. Hjólið hentar vel innanbæjar og á malarvegum. Upprætt setstaða ásamt dempara í sætispósti auka enn á þægindin.

Verð: **49.990 kr.**

Hjóladeildin er í Holtagörðum!



### Trail X 1.0

Enduro II 7005 álstell, Shimano Acera 21 gíra, V-bremsur og 60 mm dempari. Vandað alhliða fjallahjól í skemmri eða lengri ferðir.

Verð: **49.990 kr.**



### Jamis Lady Bug

12", 2-5 ára. Bleikt.

Verð: **19.990 kr.**



### Jamis Laser 2.0

20", 5-9 ára álstell, fótbremsa. Hvítt/svart og grænt/svart.

Verð: **25.990 kr.**



### Jamis X24

20", 7-12 ára, álstell, 7 gíra. Svart/hvitt og blátt/hvitt.

Verð: **39.990 kr.**



**KLÚBBURINN GEYSIR**, sem miðar að því að styrkja félagi sem hafa átt við eða eiga við geðræn veikindi að stríða, verður með opið hús fyrir aðstandendur klúbbsins, fagaðila og aðra sem vilja kynna sér starfsemiina fimmtudaginn 4. júní frá klukkan 9 til 20 í Skipholti 29 í Reykjavík.  
www.kgeysir.is



# ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

## VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Næsta námskeið  
hefst 5. júní n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.  
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414



Margrét fékk bót á meðvirkni með hjálp tólf sporanna en auk þess nýja tengingu við Guð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sporin tólf gagnast víða

Tólf spora kerfi AA-samtakanna gagnast ekki eingöngu alkóhólistum heldur hinum ýmsu hópum. Það þekkir Margrét Eggertsdóttir, talsmaður Vina í bata, og bendir á nýtt námskeið Ljóssins sem dæmi.

Margir upplifa stjórnleysi af einhverju tagi í lífi sínu en finna því farveg í tólf spora kerfi AA-samtakanna. Það þekkir Margrét Eggertsdóttir af eigin raun en hún er talsmaður Vina í bata sem standa fyrir fundum í kirkjum landsins fyrir hina ýmsu hópa.

„Þó að sporin tólf hafi upphaflega verið ætluð alkóhólistum nýtast þau við allar mögulegar aðstæður. AA-menn hafa verið fúsir að veita aðgang að þeim enda eru til hópar fyrir vímuefnaneytendur, fólk með átraskanir, aðstandendur og fleiri. Í okkar tilfelli tilgreinum við ekki vandamálið en í fyrsta sporinu viðurkennum við vanmátt okkar vegna aðskilnaðar frá guði og að okkur sé orðið um megn að stjórna eigin lífi.

Í öðru spori förum við að trúa því að máttur, okkur æðri, geti gert okkur heil að nýju og í þriðja spori tökum við ákvörðun um að láta vilja okkar og líf lúta handleiðslu Guðs samkvæmt skilgreiningu okkar á honum. Þetta reynist þeim sem upplifa stjórnleysi vel því með sporavinnunni læra þeir einhvern nýjan takt,“ segir Margrét.

Um miðjan ágúst mun Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda, fara af stað með námskeið í tólf spora kerfinu fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein en það er hugsað fyrir einstaklinga sem vilja auka lífsgæðin bæði andlega og félagslega. Margrét segir þessa tilraun gott dæmi um það hvernig megi

nýta sporin tólf fyrir ólíka hópa. „Þegar fólk greinist með alvarlegan sjúkdóm upplifir það stjórnleysi og eru sporin gott verkfæri í slíkum aðstæðum. Sporin hafa hjálpað mér sjálfri á margan hátt en ég var mjög meðvirk og með brotið líf þegar ég fór af stað. Ég var tilfinningalega þökkuð og held að ég hefði endanlega tapað heilsunni ef ég hefði ekki fengið þessa úrlausn því andleg og líkamleg líðan er svo nátengd.“

Kynningarfundur fyrir fyrsta námskeiðið í 12 sporum hjá Ljósinu verður haldinn miðvikudaginn 3. júní klukkan 11 í húsnæði Ljóssins, Langholtsvegi 43, en nánari upplýsingar um Vini í bata má finna á www.viniribata.is

vera@frettabladid.is



Vertu  
liðtækur



### Glucomed inniheldur glúkósamín

Ekki má nota Glucomed:

- ef þú ert með ofnæmi fyrir glúkósamíni, einhverju öðru af innihaldsefnunum eða skelfiski

- ef þú ert undir 18 ára

- ef þú ert þunguð eða með barn á brjósti

Gæta skal varúðar við notkun Glucomed ef þú þolir illa glúkósa, ef þú ert með vanstarfsemi í nýrum eða lifur eða ef þú ert með þekktan áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum.

Tvær töflur á dag til að draga úr einkennum.

Lesið vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá



Sama hvernig viðrar,  
– þú getur alltaf reitt þig á Siemens.

## SIEMENS

Nú eru allar  
Siemens þvottavélar  
á tilboðsverði.

Láttu sjá þig og  
gerðu góð kaup.

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is





## Nýr heimur opnast í djúpinu

Náttúran neðansjávar er forvitnilegt fyrirbæri. Því hefur Héðinn Ólafsson fengið að kynna. Hann er eigandi Kjöfnarskólans kafari.is í Hafnarfirði og unni sér hvernig betur en á hafsbötni. Hann segir fólk streyma að á vorin til að fara á köfunarnámskeið.

„Hér er allt á fullu,” segir Héðinn Ólafsson, eigandi Kjöfnarskólans kafari.is í Hafnarfirði. Hann er með aðstöðu fyrir sunnan Hafnarfjörð og kveðst nota umhverfið neðansjávar þar í kring fyrir sína nemendur. „Við förum til dæmis dálítið í gamalt skipsflak úti af Álftanesinu,” segir hann.

Héðinn kveðst alinn upp við sjó og á sjó. „Karlinn þabbi var trillukarl og ég stundaði sjóinn stíft með honum frá því ég var krakki. Þegar ég kynntist köfun fannst mér einkennilegt hvað náttúran undir yfirborði sjávar hafði alltaf verið nálæg en þó fjarlæg. En eftir að ég byrjaði að kafa hef ég varla komið upp. Það opnaðst algerlega

Þau hjónin veiddu meðal annars í Miðfjarðará, Laxá í Aðaldal, Norðurá og Fljótá í Fljótunum fyrir norðan. „Það er mjög skemmtileg á og vorum við þar nánast á hverju sumri. Mínnar uppáhaldsár eru Fljótá og Miðfjarðará en í Fljótá voru fallegir hyljir og mikil ró. Þar var gott að vera en maður finnur alltaf einhverja bletti sem maður tekur ástfóstri við,“ segir Guðrún með blik í augum. „Elliðaánnar hafa hins vegar fylgt mér og hef ég alltaf tekið dag í ánum þó svo ég sé hætt að veiða. Synir mínir hafa verið með mér en ég fæ einn hálfan dag og þeir veiða en ég nýt umhverfisins,“ segir Guðrún sem er að verða 84 ára gömul. Veiðibakterían hefur haldist innan fjölskyldunnar en að sögn Guðrúnar þykir öllum hennar börnum gaman að veiða.

„Um tíu ár eru síðan ég hætti að taka stöng, þannig að ég veiddi lengi en ég hef ekki tekið saman laxana sem ég hef fengið. Vissulega er alltaf gaman að



**HEFUR YNDI AF VEIÐI** Guðrún Thorlacius var fyrst kvenna til að skrá sig í Stangaveiðifélag Reykjavíkur og er nú félagi númer eitt. Hún hefur stundað veiði lengi og segir þá ró sem þeim fylgir og útiveruna vera ómetanlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

koma að Elliðaánum en þær eru bara ekki eins og þær voru í gamla daga,“ segir hún með söknuði og útskýrir: „Nú orðið er lítið vatn í þeim, margar stangir á hverjum degi, fólk að stunda útivist og annað þannig að það er ekki þessi ró sem var í gamla daga.“

Guðrún segir að ró og útivera hafi heillað sig hvað mest við veiðarnar. „Hér áður fyrr hafði maður heilan dag og gekk mikið upp og niður ána. Þá var engin hvíld og keyrt var upp að gömlu vatnsveitubrunni og svo gengið upp að Elliðavatni í Höfuðhyl sem er efsti hylurinn og svo niður eftir aftur,“ segir hún og brosir. „Auk þess veiddist betur í gamla daga en nú má bara veiða tvo fiska í Elliðaánum.“ Auðveldara var að komast í veiði áður fyrr enda mun dýrara í dag. „Ég veiddi mun meira á meðan maðurinn minn lifði en útiveran er yndisleg, hvernig sem viðrar.“

Eins og áður sagði fagnar Stangaveiðifélag Reykjavíkur 70 ára afmæli um þessar mundir og þykir Guðrúnu

það hafa unnið margt til góða. „Félagið hefur staðist öll þessi ár en um tíma var félagið bara með Elliðaánnar. Þegar svo stærri árnar bættust við þótti ekki eins fint að vera í Elliðaánum,“ segir Guðrún og hlær. „Þeir sem voru traustir og trúir Elliðaánum fundu það. Í dag eru hins vegar ekki sömu gæðin í Elliðaánum og hefði félagið mátt passa betur upp á þær gagnvart borginni sem hefur ráðið allt of miklu,“ segir Guðrún og nefnir dæmi. „Ég tók eftir því fyrir nokkrum árum að búíð er að malbika stíga meðfram ánum og það þykir mér út í bláinn. Umferð við árnar er orðin allt of mikil af fólki sem er í útivist en það fer ekki saman við veiði. Ró þarf að vera yfir veiðinni,“ segir hún ákveðin og nefnir sams konar vanda við Korpu. „Þar er golfvöllurinn alveg við ána og í fyrra fékk sonur minn golfkúlu rétt við fæturna á sér þegar hann var að kasta flugu,“ segir hún og brosir.

hrefna@frettabladid.is



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Jóhann Friðrik Sigurbjörnsson

fýrrum bóndi Atlastöðum, til heimilis að Laugabóli, Svarfáðardal,

lést á heimili sínu mánudaginn 25. maí sl. Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 5. júní kl. 13.30.

Lena Gunnlaugsdóttir

Dagmar Jóhannsdóttir

Gunnlaug Jóhannsdóttir

Kristjana Jóhannsdóttir

Harpa Rún Jóhannsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Birgir Kristbjörnsson

Rögnvaldur Örn Snorrason

Kristján Örn Ólafsson



Elskulegur faðir okkar, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

### Egill Jón Benediktsson

fýrrv. bóndi og hreppstjóri frá Sauðhúsum, Laxárdal, Dalasýslu, til heimilis að Ögurási 3 í Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut að morgni 25. maí. Jarðarförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 3. júní kl. 15.00.

Benedikt Egilsson

Jón Egilsson

Herdís Egilsdóttir

Birgir Símonarson

Johnny Símonarson

Helen Gunnarsdóttir

afabörn og langafabörn.

Sigrún Eyjólfsdóttir

Sigurborg Valdimarsdóttir

Brynjólfur J. Garðarsson

María K. Lárusdóttir

Hugrún Á. Elíasdóttir



Faðir okkar, afi og bróðir,

### Unnar Ágústsson

Gaukshólum 2,

lést sunnudaginn 24.maí. Jarðarförin fer fram í Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 3. júní kl. 13.

Marta Unnarsdóttir

Örn Unnarsson

Walter Unnarsson

Halla Sigrún Unnarsdóttir

Haraldur Már Unnarsson

barnabörn og systur hins látna.

Richard Leoff

Arna Kristín Hilmarsdóttir

Sólveig Hafsteinsdóttir



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

### Lovísu Hannesdóttur

Gullsmára 10, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Líknardeildar Landspítala Landakoti fyrir frábæra umönnun.

Unnur S. Björnsdóttir

Hannes Björnsson

Kristján Björnsson

Sigríður Björnsdóttir

Illugi Örn Björnsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Hafðís Ólafsdóttir

Helga Haraldsdóttir

Brynjar Guðmundsson

Fanný M. Ágústsdóttir



# KÆLI- OG FRYSTITÆKI

SCAN  
domestic

ALLAR STÆRÐIR  
Á FLOTTU VERÐI



## 85sm KÆLIR

Scancool SKS126  
85sm og 110 lítra KÆLISKÁPUR.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd):  
84,5x50,4x51sm.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 54.995



## 85sm FRYSTIR

Scancool SFS100  
85sm og 85 lítra FRYSTISKÁPUR með 4  
skúffum og 6kg frystigetú á sólarhring.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 85x50,4x51,4sm.

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 54.995



## 85sm KÆLIR/FRYSTIR

Scancool SKB160  
85sm KÆLISKÁPUR með FRYSTI og 3 glerhillum  
í kæli. 92 lítra kæli og 13 lítra frystir. Orkunýtni  
A. Mál (hxbxd): 85x55x57sm.

TILBOÐ

59.995

FULLT VERÐ 64.995



## 144sm FRYSTIR

Scancool SFS205  
144sm og 183 lítra FRYSTISKÁPUR með 4  
skúffum og 10kg frystigetú á sólarhring.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 144x55x57sm.

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 84.995



## 144sm KÆLIR

Scancool SKS260  
144sm og 250 lítra KÆLISKÁPUR með 5  
glerhillum og grænmetisskúffu. Orkunýting  
A. Mál (hxbxd): 144x55x57sm.

TILBOÐ

69.995

FULLT VERÐ 79.995



## 144sm KÆLIR/FRYSTIR

Scancool SKF220  
144sm KÆLISKÁPUR með FRYSTI og 5 glerhillum  
í kæli. 167 lítra kæli og 45 lítra frystir. Orkunýtni  
A. Mál (hxbxd): 144x55x60sm.

TILBOÐ

79.995

FULLT VERÐ 84.995



## 105sm KÆLIR

Scancool SKS190  
105sm og 176 lítra KÆLISKÁPUR með  
5 glerhillum og grænmetisskúffu.  
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 105x54x60sm.

TILBOÐ

74.995

FULLT VERÐ 79.995



## 105sm KÆLIR/FRYSTIR

Scancool SKB180  
105sm KÆLISKÁPUR með FRYSTI og 5 glerhillum  
í kæli. 150 lítra kæli og 14 lítra frystir. Orkunýtni  
A. Mál (hxbxd): 105x54x60sm.

TILBOÐ

76.995

FULLT VERÐ 83.995

REYKJAVÍK

SUÐURLANDSBRAUT 26  
SÍMI 569 1500

AKUREYRI

GLERÁRGÖTU 36  
460 3380

HÚSAVÍK

GARÐARSBRAUT 18A  
464 1600

SELFOSS

EYRARVEGI 21  
480 3700



Heimilistæki

ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



# Síðustu sætin í júní

frá 19.990 kr.



**Ótrúleg tilboð – gríptu tækifærið strax!**

## Costa del Sol

Frá 69.990 kr.

Sértílbod með og án fæðis Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku. Stökktu tilboð 9. og 16. júní. Vikuferð með hálfu fæði frá kr. 89.990.

Nánar [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

### UPPSELT í maí

2. júní - UPPSELT  
9. júní - 23 sæti laus  
16. júní - 28 sæti laus  
23. júní - 33 sæti laus

## Mallorca

Frá 69.990 kr.  
2 vikur á verði 1

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára í íbúð í 2 vikur. Stökktu tilboð 10. og 24. júní.

Nánar [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

### UPPSELT í maí

3. júní - UPPSELT  
10. júní - 11 sæti laus  
24. júní - 26 sæti laus

## Salou

Frá 69.990 kr.

Sértílbod með og án fæðis Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku. Stökktu tilboð 12. og 19. júní. Vikuferð með hálfu fæði frá kr. 84.990. Vikuferð með „öllu inniföldu“ frá kr. 94.990.

Nánar [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

### UPPSELT í maí

5. júní - UPPSELT  
12. júní - 17 sæti laus  
19. júní - 24 sæti laus

## Bodrum – Tyrklandi

Frá 89.990 kr.

Sértílbod með og án fæðis Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku. Stökktu tilboð 12. og 19. júní. Vikuferð með hálfu fæði frá kr. 99.990. Vikuferð með „öllu inniföldu“ frá kr. 114.990.

Frábært verðlag í Tyrklandi!

Nánar [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

### UPPSELT í maí

5. júní - UPPSELT  
12. júní - 17 sæti laus  
19. júní - 17 sæti laus  
26. júní - 23 sæti laus



## Barcelona

Frá 19.990 kr.

Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum (BCN-KEF). Sértílbod 12. júní. Báðar leiðir kr. 54.900.

Nánar [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

5. júní - UPPSELT  
12. júní - 11 sæti laus  
19. júní - 9 sæti laus  
26. júní - 16 sæti laus

## Alicante

Frá 29.950 kr.

Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum. Sértílbod 17. og 24. júní. Báðar leiðir kr. 54.900.

Nánar [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

UPPSELT í maí  
3. júní - UPPSELT  
10. júní - UPPSELT  
17. júní - 15 sæti laus  
24. júní - 26 sæti laus



**Heimsferðir**

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001  
Akureyri, sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



**NOKKUR ORÐ**  
Freyr Gígja Gunnarsson

## Leyfi til að íhuga

Dalai Lama er mættur til Íslands. Kannski er það tákn um nýja tíma á Íslandi. Að maður sem hefur unnið hug og hjörtu fólks með friðarboðskap, og virðingu fyrir hverju einasta mannlífi og hefur gagnrýnt græðgina harðlega skuli loks rata hingað. Eftir að erlendir jakka-fataklæddir menn höfðu fyllt fyrirlestursali af fólki sem vildi læra að græða hratt og örugglega. Við sjáum í dag hvað slík námskeið hafa fært okkur.

En maður veltir því óneitanlega fyrir sér af hverju ráðherrar kjósa að hitta ekki þennan merkilega mann. Og setji maður þetta í samhengi, ef Warren Buffett, Dalai Lama fjárfestanna, kæmi hingað og héldi einn eða tvo fyrirlesta, væru ráðherrar þá ekki hangandi í pilsfaldinum á honum, eins og grúppur eftir rokktonleika?

Burtséð frá Kína, þessu mikilvæga markaðssvæði, þá held ég að Dalai Lama

hefði getað kennt stjórnámálamönnum sitt hvað í því hvernig megi öðlast innri ró og hvernig á að halda sjó þegar óveðurskýin hrannast upp við sjóndeildarhringinn. Ég held að íslenskir ráðherrar og pólitíkusar hefðu haft gott af því að hitta Dalai Lama, þó ekki væri nema bara til að öðlast smá kyrrð í sálartetrinu.

Þeir hefðu getað komið þeirri afsökunarbeiðni á framfæri við kínverska sendiráðið að í ljósi þeirra aðstæðna sem nú væru í íslensku samfélagi hefði hver og einn gott af því að íhuga um stundarsakir náungakærleikann og allt það góða sem af honum hlýst. Varla hefði sú íhugun getað skaðað stjórnámálasamband tveggja þjóða.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman











### Kl. 21.

Megas og senuþjófarnir spila í kvöld í Egilsbúð í Neskaupstað en annað kvöld á Græna hattinum á Akureyri. Þaðan halda þeir á Krókinn og síðan í Stykkishólum en verða 6. júní á Rósenberg. Senuþjófana skipa að þessu sinni: Guðmundur Pétursson, Guðmundur Kristinn Jónsson, Sigrður Guðmundsson, Kristinn Snær Agnarsson og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson. Allir tónleikarnir verða teknir upp en þeir bestu að mati Megasar og Senuþjófanna verða fluttir á Rás 2 hinn 17. júní.

# menning

menning@frettabladid.is

## Sveitasæludrama á Smíðaverkstæði

Leikfélagið Hugleikur hefur bætt við aukasýningum á sveitalífsleiknum Ó, þú aftur? vegna mikillar aðsóknar en hann hefur verið leikinn undanfarið á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Verkið er eftir þær Ingibjörgu Hjartardóttur, Sigrúnu Óskarsdóttur og Unni Guttormsdóttur og er frjállega byggt á Pilti og stúlku Jóns Thoroddsen – sumsé íslensk klassík sem í meðförum hópsins verður hugleikskur galgopaháttur í bland við lúmska þjóðfélagsádeilu, kryddað með tónlist úr smíðju Ljótu hálfvitanna Eggerts Hilmarssonar, Þorgeirs Tryggvasonar, Sævars Sigurgeirssonar og Odds Bjarna



LEIKLIST Hugleikur í sínum rétta ham í kvöld.

Þorkelssonar sem einnig leikstýrir. Sýningin hefur ekki bara notið vinsælda almennra áhorfenda, heldur hafa umsagnir um hana verið lofsamlegar. Þannig heitir Silja Aðalsteinsdóttir á fólk að missa nú ekki af sýningunni á tmm.is, og Jón Özur Snorrason hrósar frammi-stöðu leikhópsins á leiklist.is: „Leikgleðin, leiknautin var allsráðandi, textaflutningur og söngur til fyrirmyndar.“ Allra síðustu forvöð til að fylgjast með afdrifum saklausa sveitafólksins í höfuðborgarsöllum verða á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins í kvöld og annað kvöld kl. 20.

### > Ekki missa

af lestri Þorsteins Ö. Stephensen í Víðsjá í dag kl. 17 á fyrsta kafla sögu Davíðs Stefánssonar um Sólon Íslendus.

## Úr undirheiminum

Í kvöld er fyrsta sýning af tveimur á vegum Söngdeildar Tónlistarskóla Kópavogs á óperunni Orfeifi og Evrídís eftir Gluck. Leikstjóri er Anna Júlíana Sveinsdóttir, söngkennari skólans, og

píanóleik annast Krystyna Cortes. Óperan er sungin í íslenskri þýðingu Þorsteins Valdimarssonar. Sýningarnar tvær í kvöld og annað kvöld verða í Salnum í Kópavogi og hefjast kl. 20.

Christoph Willibald Gluck (1714-1787) var borinn og barnfæddur í Bæheimi. Með tíma-mótaverkinu Orfeifi og Evrídís, sem frumflutt var í Vín árið 1762, vildi Gluck endurreisa hið staðnaða, ofskreytta og innihaldslesa óperuform þess tíma og hverfa aftur til upprunalegs einfaldleika. Í uppfærslu Tónlistarskóla Kópavogs útbjó leikstjórinn nýjan búning í aðeins styttra formi og í stað kóra syngja flytjendur einsöngskvartetta.

Með hlutverk Orfeifs fer Elín Arna Aspelund, Evrídís syngur Ragnheiður Sara Grímsdóttir og Amor syngur Elva Lind Þorsteinsdóttir. Önnur hlutverk falla í hlut annarra nemenda skólans en auk píanóundirleiks hljómar að sjálf-sögu hörpuleikur í verkinu og sér Hanna Björt Kristjánsdóttir um hann. Miðasala er í salnum.

- pbb



ORFEIFUR OG EVRÍDÍS Anna Júlíana setur upp óperu í Salnum.



MYNDLIST Löngu eftir sköpun Mountain - Fjalls - vekur verkið deilur meðal áhugamanna um listir og innkaupsverð á veigamiklum verkum samtímalistar. Sigurður Guðmundsson í Listasafni Íslands þar sem verkið verður vonandi sett upp sem fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

## KAUP VEKJA UPP DEILUR

Á laugardag, fáeinum dögum eftir að tilkynnt var að Kristján Guðmundsson fengi fyrstur íslenskra myndlistarmanna aðalverðlaun Carnegie, komst Sigurður Guðmundsson í fréttir þegar Morgunblaðið greindi frá því að Listasafn Íslands hefði fest kaup á ljósmynd hans, Mountain eða Fjalli, sem er lykilverk á ferli hans frá áttunda áratugnum.

Það var gallerí listamannsins hér á landi sem seldi verkið, sem er frumeintak af ljósmynd sem sýnir

Sigurð sem lag í tilbúnu fjalli úr bókum, brauðum og torfi. Verkið hefur beina skírskotun í eitt vinsælasta myndefni íslenskrar myndlistar á síðustu öld sem þekktast er í verkum landslagsmálara á borð við Kjarval og Jón Stefánsson en er einnig þekkt í verkum næfista eins og Stefáns Jónssonar og Jóns föður hans. Fjallið hans Sigurðar var í hópi þeirra konseft-verka sem beindu kastljósi að honum á þessum árum upp úr 1970 og tryggðu honum eina af fyrstu sýningunum í Pompidou-safninu.

Greiddar voru tíu milljónir fyrir verkið og er greiðslum dreift til tveggja ára. Af þeim tekur gall-erí ið um helming. Verðið þykir leikmönnum hátt ef marka má umkvartanir á vefnum um helgina, en er raunar heldur lágt miðað við

mikilvægi verksins og stöðu þess í íslenskri myndlist. Er þá lítið bæði til hins vestræna uppboðsmarkaðar og verka eftir tímamenn sem komu upp á þessu tímabili og mótuðu stefnur í myndlist Vesturlanda eins og Kristján gerði, fáist þau á annað borð keypt.

Verður Listasafn Íslands að teljast heppið að hafa hrept hnossið og er það ið til sóma að selja verkið hing- að en ekki til annarra safna austan eða vestan hafnsins. Kaupverðið telur helming ársframlags safnsins til listaverkakaupa en það hefur um árabíl búið við svo veikan kaupmátt að það stendur safninu fyrir þrifum. Það verður því að mestu leyti að reida sig á lán verka til að sýna þeim þúsundum innlendra og erlendra gesta sem það sækja.

pbb@frettabladid.is




## Loftkastalinn

Miðasala: 527-1000 | midasala@loftkastalinn.is | www.loftkastalinn.is


**Grease – Vinsælasti roksöngleikur allra tíma!**

Þri	9/6	kl. 20:00	forsýn.	U	Lau	20/6	kl. 16:00	5. sýn	Ö
Mið	10/6	kl. 20:00	forsýn.	U	Sun	21/6	kl. 16:00	6. sýn	Ö
Fim	11/6	kl. 20:00	frums.	U	Fös	26/6	kl. 20:00	7. sýn	
Fös	12/6	kl. 20:00	2. sýn	Ö	Lau	27/6	kl. 20:00	8. sýn	
Lau	13/6	kl. 20:00	3. sýn	Ö	Sun	28/6	kl. 16:00	9. sýn	
Sun	14/6	kl. 16:00	4. sýn	Ö					



## Gigtarmiðstöðin 25 ára

### Opnuð 4. júní 1984




Opið hús verður á Gigtarmiðstöðinni föstudaginn 5. júní milli 12 og 15

**Dagskrá:**

12:00	<b>Ávarp heilbrigðisráðherra,</b> Ögmundur Jónasson.
12:15	<b>Ávarp formanns Gigtarfélags Íslands,</b> Einar S. Ingólfsson.
12:30	<b>Að ganga í takt við eigið geð.</b> Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjubjálfi og dósent við Háskólann á Akureyri flytur erindi.
13:00	<b>Af hverju Stott-pilates fyrir gigtarfólk?</b> Margrét Stefánsdóttir sjúkraþjálfari og Stott-pilateskennari flytur erindi.
13:20	<b>Starfsemi Gigtarmiðstöðvarinnar kynnt, vörुकynningar, kaffi og terta Starfsemin kynnt.</b> Kynnt verður sjúkraþjálfun, iðjubjálfun, fótaðgerðarfræðingur, áhugahópar, Birtufólkið, hóppjálfun, Gigtarlinan, fræðsla og ráðgjöf, ofl. Beinþéttnimæling verður á staðnum.
	<b>Vörुकynningar.</b> Eftirtalin fyrirtæki munu kynna vörur sínar: Össur, A. Karlsson, Eirberg, Stoð, Lýsi, Iljaskinn og Villimey. Prentsmiðjan Oddi styður dagskrána.
15:00	Lokið

Allir eru velkomnir



Gigtarfélag Íslands - Ármúla 5 - Reykjavík

## Kórastefna nyrðra

Á fimmtudag hefst dagskrá Kórastefnu við Mývatn en þangað verða samankomnir tíu kórar – alls um 300 söngvarar. Heildarfjöldi þátttakenda á þessari miklu kóramessu er samtals hálf fjórða hundrað kóra.

Meðal kóra sem stefna norður eru: Filharmónía, Kórar Hjallakirkju, Neskirkju, Egilsstaðakirkju og Blönduóskirkju, Kammerkór Tónlistarháskólans í Bremen, Kvinnakór Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, Vestfirsku Valkyrjurnar og Kvinnakór við Háskóla Íslands.

Það eru meðlimir „unglingalandsliðsins“ sem annast einsöngspartana í dagskránni; ungir söngvarar sem eru ýmist að ljúka námi við erlenda tónlistarháskóla, eru nýbúinir eða nýbyrjaðir. Verður án efa glæsilegt og gaman að heyra þau syngja. Þau eru Herdís Anna Jónasdóttir sópran, Sólveig Samúelsdóttir alt, Benedikt Kristjánsson tenór, og Jón Svavar Jósefsson bassi. Dagskráin er fjölbreytt: Franz Schubert: Messa í As-dúr, þýsk og frönsk kvinnakórátónlist, íslensk og erlend kórátónlist.

Dagskráin hefst á fimmtudagskvöld í Skjólbrekku og þá um nóttina verður Miðnætursöngur allra kóra í Jarðböðunum við Mývatn.

Á föstudag verða æfingar og vinnubúðir opnar en um kvöldið verður sungið á Hallarflöt í Dimmuborgum. Vinnu og æfingum verður fram haldið daginn eftir en hátíðar- og lokatónleikar verða kl. 15 á sunnudag í Íþróttahúsinu í Reykjavík.

Listrænn stjórnandi er Margrét Bóasdóttir en vefur mótsins er korastefna.is.



- pbb

TÓNLIST Kórastefna verður á Mývatni í lok þessarar viku. Margrét Bóasdóttir er listrænn stjórnandi hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## + Blómstraðu í sólinni

Með hækkanði sól kemur ferðahugur í fólk. En hvort sem þú ferðast utan lands eða innan, eða bara nýtur orlofsins úti í garði, þá er bráðsnjallt að byrja fríð í Lyfju.



ISLENSKA SÍLAIS LYP 6670 05/09

Komdu heim með góðar minningar úr fríinu.

Vertu klár í að ferðast og hreyfa þig í sumar. Láttu ekki frjókorn í loftinu koma í veg fyrir að þú njóttir útiverunnar. Búðu þig vel undir ferðalagið og alls ekki láta sólina koma þér í koll. Rétti áburðurinn getur forðað þér frá sársaukafullum bruna og veitir þér nauðsynlega vörn gegn óæskilegum geislum sólarinnar. Lífðu lífinu í góða veðrinu.

+ LÓRITÍN

**438 kr.+**

10 stk.

**1154 kr.+**

30 stk.



**20%**

kynningarafsláttur

+ EUCERIN er afbragðs sólarvörn fyrir alla, án líta eða ilmefna.

+ Gildir dagana 28. maí - 4. júní.





**> ÁREITTUR AF AÐDÁANDA**

**Simon Cowell** brá í brún þegar öryggisverðir þurftu að stöðva æstan aðdáanda hans fyrir utan sjónvarpsupptökuver í byrjun vikunnar. Cowell var að fara heim eftir upptökur á Britain's Got Talent og veifaði aðdáendum úr bíl sínum þegar kona nokkur kastaði sér á hann svo verðir Cowells þurftu að halda henni niðri á meðan hann kom sér í burtu.



**fólk**  
folk@frettabladid.is

# Íslenskur vefhönnuður hitti drottninguna

„Hún var fín. Mér fannst hún mjög innileg konan og gaman af því að hún nenni að taka í hendurnar á fólki sem stendur sig vel,“ segir Jón Rúnar Guðjónsson Jóhannesson, sem hitti Margréti Danadrottningu fyrir skömmu. Athöfnin átti sér stað í danska ráðhúsinu til heiðurs þeim sem fengu hæstu einkunnir í iðnnámi í landinu. Alls voru um sjö hundruð manns viðstaddir. Jón Rúnar útskrifaðist sem „mediografiker“, eða nokkurs konar prentari og vefhönnuður, eftir fjögurra ára nám. Fékk hann 12 í meðaleinkunn, sem var sú hæsta mögulega.

Einn annar nýútskrifaður Íslendingur fékk að hitta drottninguna við sama tækifæri, eða Hjalti Lýðsson konditori, sem Fréttablaðið ræddi einmitt við á dögnum. „Þetta er heilmikill heiður en annars var þetta bara rólegt, þannig séð. Þetta er rosalega flott hús líka,“ segir Jón Rúnar um ráðhúsið.

Útskriftarverkefni hans var heimasíða fyrir íslenska rapparann Opee. Á lærlingstíma sínum hefur hann útbúið fjölda annarra heimasíðna, meðal annars fyrir Carlsberg-fyrirtækið.

Jón Rúnar er kvæntur danskri konu og eiga þau tvö börn. Hann ætlar sér að búa áfram í Danmörku enda hefur hann úr nægum verkefnum að moða sem hönnuður í hæsta gæðaflokki.



**MEÐ DROTTNINGUNNI** Jón Rúnar Guðjónsson Jóhannesson tekur í höndina á Margréti Danadrottningu. MYND/GUÐJÓN REYNIR JÓHANNESSON

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

Þriðjudagur 02. júní 2009

**→ Tónleikar**

**19.00** Trúbatrixur verða með útgáfutónleika á Kaffi Rósenberg við Klappargötu. Fram koma meðal annars **Fabúla**, Eliza Geirsdóttir Newman og Þórunn Antónía.

**20.00** LJAÓ, Harmóníkuhljómsveit **Æsku Bæjaralands** verður með tónleika í Hömrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði, við Austurveg 11.

**→ Leikrit**

**20.00** Leikfélag Fljótdalshéraðs sýnir barnaleikritið „Elvis – leiðin heim“ eftir Sigurð Ingólfsson í **Bragganum** (við hljóðna á Sláturhúsinu menningarsetri) á Egilsstöðum. Ath. ekki tekið við kortum.

**→ Bjartir Dagar**

Hátíðin **Bjartir dagar** stendur yfir í Hafnarfirði 28. maí-7. júní. Dagskráin í heild og nánari upplýsingar á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

**20.00** Kór Öldutúnsskóla, Kvinnakór Öldutúns, Karlakórinn Prestir og **Kammerkór Hafnarfjarðar** flytja lög eftir Friðrik Bjarnason af nýútkomnum disk. Tónleikarnir fara fram í Hafnarborg við Strandgötu. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** **Andrés Þór Gunnlaugsson** og kvintett verða með tónleika í góðtemplarahúsinu við Suðurgötu 7. Á efniskránni verða ný og eldri lög úr smíðju Andrésar í bland við þekktu djassslagara.



## SKJALDBORG HALDIN Í ÞRIÐJA SINN

Það ríkti góð stemning á Patreksfirði um hvítasunnuhelgina þar sem hátíð íslenskra heimildarmynda, Skjaldborg, fór fram í þriðja sinn. Um þrjátíu heimildarmyndir voru sýndar á kvikmyndahátíðinni, bæði örstuttar og í fullri lengd, en á Skjaldborg er lagt upp með að sýna heimildarmyndir sem öðruvísi kæmu ekki fyrir augu almennings. Myndin Konur á rauðum sokkum eftir Höllu Kristínu Einaradóttur hlaut Einarinn, áhorfendaverðlaun Skjaldborgar 2009, en í myndinni er saga einnar umdeildustu og litríkustu hreyfingar Íslandssögunnar sögð.

- ag



**DAGSKRÁIN KYNNT** Kynnir Skjaldborgar, Teitur Atlason, gaf gestum skýringar á dagskrá hátíðarinnar en um þrjátíu myndir voru sýndar.



**ÞÉTT SETIÐ** Grímur Hákonarson og Hilmar Oddsson kvikmyndagerðarmenn voru meðal gesta á Skjaldborg og létu sig ekki vanta í fiskiveisluna.



**FISKIVEISLA Í SJÓRÆNINGJAHÚSINU** Góð stemning myndaðist þegar boðið var til fiskiveislu í Sjóræningjahúsinu, þar sem Maja Ragnars og aðstoðarkokkar hennar fóru á kostum í eldhúsinu.



**MÁLIN RÆDD** Kvikmyndagerðarmennirnir Dagur Kári og Ari Alexander voru hressir á Skjaldborg á Patreksfirði.

Í þessari einstöku bók greinir Dalai Lama frá því hvernig öðlast má sálarró og sigrast á þunglyndi, kvíða, reiði, afbrýði eða bara hversdagslegri geðvonsku. Hann ræðir um mannleg samskipti, heilbrigði, fjölskyldu og vinnu og sýnir fram á að innri friður er öflugasta vopnið í baráttunni við dagleg vandamál.

## Leiðin til lífshamingju

Dalai Lama flytur fyrirlestur byggðan á bókinni í Laugardalshöll í dag. Hluti af söluhagnaði bókarinnar rennur til samtakanna Dalai Lama á Íslandi.



JPU  
JPU ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



**IHUGAR EKKI BARNEIGNIR** Cameron Diaz, sem er 37 ára, er á lausu og segist ekki vera að ihuga barneignir.

## Á lausu frekar en óhamingjusöm

Cameron Diaz segist frekar vilja vera einhleyp en að vera óhamingjusöm í sambandi, en Diaz, sem er 37 ára, sleit nýverið sambandi sínu við bresku fyrirsætuna Paul Sculfor.

„Maður hittir alltaf manneskjuna sem manni er ætlað að vera með hverju sinni í lífinu, en ég hef fundið að svo þarf maður að halda sína leið og mér finnst ekkert að því. Mörgum finnst þeir vera fastir í sambandi sem þeir eru óham-

ingjusamir í, en vita ekki hvernig þeir eiga að losa sig úr því og finnst þeir verða að láta sambandið ganga,“ segir leikkonan í viðtali við tímaritið Parade.

„Ég á ótrúlegt líf og að vissu leyti er það eins og það er vegna þess að ég á ekki börn. Margir halda eflaust að mig dauðlangi í börn en það er alls ekki satt. Það sem ég er að vinna að í mínu lífi núna miðar ekki allt að barneignum,“ bætir hún við.



# Sakaðir um kosningasvindl

Stjórnendur American Idol hafa vísað á bug ásökunum um að Kris Allen hafi unnið keppnina með aðstoð kosningasvika.

Styrktaraðili keppinnar, AT&T, sendi starfsmenn sína til tveggja stuðningspartía fyrir Allen í Arkansas-ríki þar sem þeir létu viðstadda fá sérstaka síma sem geta sent tíu SMS-skilaboð í einu. Einn aðdáandi Allens sagðist hafa kosið hann 10.840 sinnum með einum af símunum. Stjórnendur AT&T hafa viðurkennt að hafa sýnt aðdáendum Allens hvernig ætti að kjósa hann en segja að það hafi ekki haft nein áhrif á úrslitin.

Stjórnendur sjónvarpsstöðvarinnar Fox, sem sýndi keppnina, eru á sömu skoðun og segja að enginn hafi á nokkurn hátt haft áhrif á útkomuna. Bættu þeir við að sjálfstæðir aðilar fylgdu stöð grannt með því að atkvæðagreiðslan færi fram á löglegan hátt. „Fox og framleiðendur American Idol eru handvissir um að úrslit keppinnar voru sanngjörn, nákvæm og traust,“ sagði í yfirlýsingu frá Fox. „Kris Allen er, án nokkurs vafa, bandaríska Idolið. Við höfum

**ADAM LAMBERT**  
Adam hefur enga trú á því að úrslitunum hafi verið hagrætt.



**VERÐUGUR SIGURVEGARI?** Sumir telja að Kris Allen sé ekki verðugur sigurvegari American Idol og að kosningasvik hafi tryggt honum sigurinn.



innan okkar raða sjálfstæðan þriðja aðila sem fylgdist með því að kosningin fari rétt fram.“

Margir urðu undrandi þegar Kris Allen vann keppnina því andstæðingur hans, Adam Lambert, var talinn mun sigurstranglegr, enda töluvert betri söngvari. Þrátt fyrir vangavelturnar telur Lambert að engin brögð hafi

verið í tafla við kosninguna. „Það eru alls konar reglur í gildi sem koma í veg fyrir svindl. Ég held ekki að það hafi verið samsæri í gangi,“ sagði hann. „Mér finnst verið að gera úlfalda úr mýflugu. Nokkrir starfsmenn létu fólk fá nokkra síma og sýndu því hvernig á að nota þá. Þetta var alls ekkert samsæri.“

Þess má geta að Clay Aiken, sem lenti í öðru sæti í Idol 2003, gagnrýndi Lambert fyrir skerandi rödd sína. Hinn 27 ára Lambert skaut þá föstum skotum til baka. „Ég þekki ekki Clay,“ sagði hann. „Það er gaman að hann sé kominn í sviðsljósið aftur, því hann var þar ekki áður. Ef hann vill nýta sér velgengni mína er það bara gott fyrir hann.“



JÓNSSON & LEINASKS - JHIS

## ☆ Tenerife...

Vikulegt flug í allt sumar

Örfá sæti laus í fyrstu brottfarir:

03. júní UPPSELT

10. júní örfá sæti laus

17. júní örfá sæti laus

- besta verðið bókast fyrst!

## World Class Júnítilboð

Tilboð gildir til 30. júní



2 mánuðir á verði 1 mánaðar

Heilsurækt kr. 12.130.-

Baðstofa kr. 36.020.-

**World Class**  
**ICELAND**

Sími 553 0000

Laugar - Spöng - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes - Kópavogur - Hafnafjörður - Mosfellsbær

www.worldclass.is

SUMAR  FERÐIR

sumarferdir.is



# Johansson fetar í fótspor Cruz

Leikkonan Scarlett Johansson ætlar að feta í fótspor vinkonu sinnar Penelope Cruz sem andlit spænsku fataverslunarinnar Mango. Fljótlega munu auglýsingar með andliti hennar birtast vegna herferðar sem sett verður af stað vegna nýrrar haust- og vetrarlínu frá Mango.

Scarlett er þekkt fyrir hlutverk sín í myndum á borð við *Lost in Translation*, *Girl with a Pearl Earring* og *Match Point*. Einnig lék hún í nýjustu mynd

Woody Allen, *Vicky Cristina Barcelona*, þar sem mótleikkona hennar var einmitt Penelope Cruz.

Í yfirlýsingu frá Mango segir að Scarlett sé fullkomin til að auglýsa fyrirtækið; hress, sjálfstæð og heimsvön. „Johansson hefur yfir sér sjálföruggi og er unglæg og geislar af lífi.“

Penelope Cruz starfaði í fjögur ár fyrir Mango auk þess sem hún tók þátt í hönnun nokkurra fatalína þess ásamt systur



**SCARLETT JOHANSSON**  
Leikkonan hefur gert auglýsingasamning við spænska fatamerkið Mango.

sinni Monicu. Þrátt fyrir það munu þær systur ekkert hanna fyrir þessa nýjustu fatalínu. Johansson hefur sjálf ekki í hyggju að hanna fót fyrir Mango en stjórnendur fyrirtækisins vilja þó ekki útiloka að það geti gerst síðar meir.

Auk þess að vera nýtt andlit Mango er Scarlett með fleiri járn í eldinum því hún er um þessar mundir að leika í hasarmyndinni *Iron Man 2* þar sem hún fer með hlutverk Natöshu Romanoff.

ALFABAKKA	SELFLOSS
ADVENTURELAND kl. 5:50 - 8 - 10:20 12	HANNAH MONTANA kl. 8 L
ADVENTURELAND kl. 8 - 10:20 VIP	CRANK 2 kl. 10:20 16
CORALINE 3D m/isl.tali kl. 5:50(3D) L	STAR TREK XI kl. 8 10
LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 5:50 - 8 - 10:20 16	THE BOAT THAT ROCKED kl. 10:20 12
HANNAH MONTANA kl. 5:50 - 8 L	AKUREYRI
STAR TREK XI kl. 8 - 10:30 L	LET THE RIGHT ONE IN kl. 8 - 10 16
NEW IN TOWN kl. 8 L	LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 8 16
STÍGVELADI KÖTTURINN m/isl.tali kl. 6 L	STAR TREK XI kl. 10 7
OBSERVE AND REPORT kl. 10:20 16	KEFLAVÍK
I LOVE YOU MAN kl. 10:20 12	NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 8 L
KRINGLUNNI	X-MEN ORIGINS : WOLVERINE kl. 10:10 14
ADVENTURELAND kl. 8:10 - 10:20 12	NEW IN TOWN kl. 8 L
CORALINE 3D m/ensku.tali kl. 6(3D) L	THE UNBORN kl. 10:10 16
CORALINE 3D m/ensku.tali kl. 8(3D) (ótextuð) L	
STAR TREK XI kl. 10:20 10	
LAST HOUSE ON THE LEFT kl. 8 - 10:20 16	
HANNAH MONTANA kl. 5:50 L	
LOFTLEIDIR kl. 5:30D síð sýn L	

**PRÍÐJUDAGSBIÓ - Í DAG - KR. 500**  
GILDIR EKKI Í VIP, Á ISLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D

**NÝTT Í BIÓ!**

**NIGHT AT THE MUSEUM 2**  
LUXUS 14

**ENGLAR & DJÖFLAR**  
LUXUS 14

**STÓRMYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF Í BIÓ!**

**X-MEN ORIGINS WOLVERINE**  
14

**SMÁRRÁ BIÓ** Sími 564 0000

NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 L	NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 5:40 - 8 - 10:20 L
ANGELS & DEMONS kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50 14	ANGELS & DEMONS kl. 6 - 9 14
ANGELS & DEMONS LUXUS kl. 5 - 10:50 14	THE BOAT THAT ROCKED kl. 6 - 9 12
X-MEN WOLVERINE kl. 3 - 5:40 - 10:45 14	X-MEN WOLVERINE kl. 10 14
MÚMÍNALFARNIR kl. 3 L	DRAUMALANDIÐ kl. 6 - 8 L

**HÁSKÓLA BIÓ** Sími 530 1919

NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 5:40 - 8 - 10:20 L	NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 6 - 8 - 10 L
ANGELS & DEMONS kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50 14	ANGELS & DEMONS kl. 6 - 9 14
ANGELS & DEMONS LUXUS kl. 5 - 10:50 14	THE BOAT THAT ROCKED kl. 6 - 9 12
X-MEN WOLVERINE kl. 3 - 5:40 - 10:45 14	X-MEN WOLVERINE kl. 10 14
MÚMÍNALFARNIR kl. 3 L	DRAUMALANDIÐ kl. 6 - 8 L

**REGNBÓGINN** Sími 551 9000 **750 KR.**

**ÓDÝRT Í BIÓ!**

NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 5:40 - 8 - 10:20 L	NIGHT AT THE MUSEUM 2 kl. 6 - 8 - 10 L
ANGELS & DEMONS kl. 5:30 - 8:30 14	ANGELS & DEMONS kl. 6 - 9 14
X-MEN WOLVERINE kl. 5:40 - 8 - 10:20 14	X-MEN WOLVERINE kl. 10 14
BOAT THAT ROCKED kl. 5:20 - 8 12	BOAT THAT ROCKED kl. 6 - 9 12
CRANK 2: HIGH VOLTAGE kl. 10:40 16	CRANK 2: HIGH VOLTAGE kl. 10:40 16

FERÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BIÓMIÐANN MEÐ KRETTIKORTI AUKAKRÖNUR

**NÝTT Í BIÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

**LAUGARAS BIÓ**

**PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR**

**500 KR. Á ALLAR MYNDIR**  
ATH! GILDIR EKKI Á MYNDIR Í 3D

**17 AGAIN** 500 KR. ZACEFRON

CORALINE 3D - isl. tali kl. 4 og 6 L	NIGHT AT THE MUSEUM kl. 4, 6, 8 og 10 L
ANGELS & DEMONS kl. 4, 7 og 10 14	17 AGAIN kl. 8 og 10 L



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Fyrirverandi ráðherra staðfestir að til séu ótal skýrslur um RÚV í skúffum ráðuneytisins – en ný einsleit nefnd um málefni RÚV leit dagsins ljós í vikunni.

## EINSLEIT NEFND UM RÚV

Svo virðist sem starfshópur sem á að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins komi aðeins úr einni átt: Annaðhvort úr Vinstri grænum eða Ríkisútvarpinu sjálfu nema hvoru tveggja sé.

„Skipanin er sérstök og maður veltir því fyrir sér hvort auka eigi pólitísk afskipti af Ríkisútvarpinu með skipan þessarar nefndar,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrirverandi menntamálaráðherra.

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefði skipað starfshóp sem ætti að skoða málefni RÚV og hlutverk þess sem almannaútvarps. Nefndarmenn flestir, ef ekki allir, tengjast Vinstri grænum með einum eða öðrum hætti og öll utan Kristínar Helgu Gunnarsdóttur rithöfundar eru fyrirverandi starfsmenn Ríkisútvarpsins. Sigtryggur Magnason, aðstoðarmaður Katrínar, fer fyrir hópnum en kona hans Bergljót

### NEFNDIN SEM Á AÐ SKOÐA MÁLEFNI RÚV

Meðal þeirra sem eiga að skoða málefni RÚV eru **Sigtryggur Magnason, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Þorbjörn Broddason.**



Haraldsdóttir starfar hjá RÚV. Laufey Guðjónsdóttir hjá Kvikmyndamiðstöð var inkaupamaður hjá RÚV, Sigríður Árnadóttir er fyrirverandi aðstoðarmaður Stefáns Jóns Hafstein á Rás 2 og síðar fréttamaður á RÚV, Þorbjörn Broddason prófessor við Háskólann, bróðir Brodda, sat í útvarpsráði, Ágúst Þór Árnason adjúntkt við Háskólann á Akureyri var fréttamaður á RÚV og dagskrárgerðarmaður þar, Hjálmar Sigurðsson er svo fyrirverandi leiklistarstjóri hjá RÚV og rödd stofnunarinnar – en hann les gjarnan kynningar fyrir Ríkisútvarpið.

Þorgerður segir að reynt hafi verið í sinni tíð að slíta á öll pólitísk tengsl milli RÚV og stjórnmalamála með því að fela stjórnútvarpsins öll völd. En nú virðist sem stíga eigi til baka. Hún þekkir vel til hvað leynist í skúffum ráðuneytisins og staðfestir að til sé ótölulegur fjöldi skýrslna um RÚV. Spurð hvort eðlilegt sé að veitt sé af almannafé til að gera enn eina skýrsluna segir Þorgerður eðlilegt að menn meti á þessum tímamarki hverju árangursstjórnunarsamning milli ríkis og RÚV hafi skilað.

jakob@frettabladid.is

## Gisele ríkasta fyrirsæta heims

Brasilíska ofurfyrirsætan Gisele Bündchen er launahæsta fyrirsæta heims samkvæmt viðskiptasíðunni Forbes.com, þriðja árið í röð. Tekjur hennar frá júní á síðasta ári þangað til í júní á þessu ári námu 25 milljónum dala, eða rúmum þremur milljónum króna.

Þrátt fyrir þessar gríðarlegu tekjur eru þær tíu milljón dölum, eða um 1,2, milljónum, lægri en hún fékk á síðasta ári. Ástæðan er fjármálakreppan sem hefur gengið yfir heimsbyggðina.

Gisele, sem giftist bandarísku fótballstjórnum Tom Brady í febrúar, er 28 ára gömul. Á meðal

fyrirtækja sem hún hefur gert auglýsingasamninga við eru Versace og Dior. Auk þess rekur hún sína eigin skólinu sem hefur gengið gríðarlega vel.

Í öðru sæti á listanum er hin þýska Heidi Klum með sextán milljónir dala, eða tæpa tvo milljarða króna. Heidi stjórnar sjónvarpsþáttunum *Germany's Next Top Model* og *Project Runway*, auk þess sem hún auglýsir fyrir undirfatarisann Victoria's Secret og fleiri þekkt fyrirtæki.

Breska fyrirsætan Kate Moss er í þriðja sæti með 8,5 milljónir dala, eða rúman milljarð króna.



**GISELE BÜNDCHEN** Brasilíska ofurfyrirsætan er launahæsta fyrirsæta heims þriðja árið í röð.



WWW.BREIK.IS/TERMINATOR

breik.is

FRUMSÝND MIÐVIKUDAGINN 3.JÚNÍ

CHRISTIAN BALE

SAM WORTHINGTON

# TERMINATOR SALVATION

ENDIRINN NÁLGAST!

SENDU SMS SKEYTIÐ  
ESL T4 Á NÚMERIÐ 1900  
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

ÞRIR VINNINGAR ERU:  
TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR  
BÍÓMIÐAR, GOS OG MARGT FLEIRA



VEFVERSLUN ELKO.IS

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum. 149 kr./skeytið.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.





**> Allt um leiki gærkvöldsins á Vísi**

Fréttablaðið minnst á að umfjöllun um alla leiki Pepsi-deildar karla má finna á íþróttavef Vísis. Fréttablaðið mun sem fyrr sinna leikjum deildarinnar af fremstu getu en á Vísi má finna umfjöllun, viðtöl, tölfraði og einkunnir leikmanna og dómara úr hverjum leik, skömmu eftir að þeim lýkur hverju sinni. Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins er einnig á Vísi en þar er öllum leikjum deildarinnar lýst með beinni texta- og atburðalýsingu.



**sport**  
sport@frettabladid.is

**PEPSI-DEILD KARLA: JAFNTEFLI HJÁ KEFLAVÍK OG STJÖRNUNNI Í BRÁÐFJÖRUGUM LEIK**

**Halldór Orri bjargaði verðskulduðu stigi**

Keflavík og Stjarnan gerðu jafntefli, 1-1, í bráðfjörugum og afar kaflaskiptum leik í Keflavík í gær. Hördur Sveinsson kom Keflavík yfir í fyrri hálfleik en Halldór Orri Björnsson bjargaði verðskulduðu stigi fyrir Stjörnuna í uppbótartíma.

„Ég er nokkuð ánægður en hefði viljað fleiri stig. Við áttum klárlega skilið stig og ég hefði orðið brjáláður ef við hefðum ekki jafnað,“ sagði Stjörnumaðurinn Steinþór Freyr Þorsteinsson sem átti enn einn stórleikinn fyrir Stjörnuna í gær.

Steinþór gerði varnarmönnum Keflavíkur lífið leitt allan leikinn með hraða sínum, tækni og útsjónarsemi. Hin ótrúlegu innköst hans gerðu einnig mikinn usla allan leikinn. Hann hefði þó að ósekju mátt fá meiri stuðning frá félagum sínum.

„Keflavík átti ekki möguleika í okkur í

síðari hálfleik. Við áttum seinni hálfleikinn. Ég held að þeir hafi verið búnir og ég held að varnarmenn þeirra hafi þakkað fyrir að fá ekki fleiri mörk á sig í leiknum. Að sama skapi hefðu þeir líklega getað skorað fleiri mörk í fyrri hálfleik. Ég held þeir hafi verið orðnir saddir í hálfleik og það er aldrei gott að bakka svona mikið eins og þeir gerðu,“ sagði Steinþór.

Jafnræði var með liðunum fram- an af en Keflavík tók völdin eftir að liðið komst yfir. Liðið fékk í kjölfarið urmul færa og hefði í raun átt að klára leikinn. Í síðari hálfleik gáfu þeir síðan allt of mikið eftir og Stjarnan hreinlega yfirpílaði

þá allan hálfleikinn. Það hefði því verið afar ósanngjarnt ef Stjarnan hefði ekki fengið stig í leiknum.

„Ég var orðinn svolítið hræddur um að við myndum ekkert fá út úr þessum leik. Við vorum að fá góð færi en það féll ekkert með okkur. Við vildum tvisvar fá víti en fengum ekki sem mér fannst vafasamt. Það er samt flott að fá stig hérna á einum erfiðasta útvelli landsins,“ sagði Steinþór.

Það vildi svo skemmtilega til að jöfnunarmark Stjörnunnar kom þegar Steinþór tók loksins „eðlilegt“ innkast. Sumir Keflavíkingar vildu meina að það hefði verið ólöglegt.

- hbg



**ÚRSLIT**

**Pepsi-deild karla:**

<b>Fylkir-KR</b>	<b>2-2</b>
<b>Keflavík-Stjarnan</b>	<b>1-1</b>
<b>FH-Fjölnir</b>	<b>3-0</b>
1-0 Björn Daniel Sveinsson (3.), 2-0 Björn Daniel Sveinsson (46.), 3-0 Atli Víðar Björnsson (64.).	
<b>ÍBV-Grindavík</b>	<b>3-1</b>
1-0 Gauti Þorvarðarson (20.), 2-0 Ajay Leitch-Smith (65.), 2-1 Gilles Mbang Ondo (88.), 3-1 Víðar Örn Kjartansson (90.).	
<b>Fram-Breiðablik</b>	<b>1-1</b>
1-0 Hjalmar Þórarinnsson (62.), 1-1 Kári Ársællsson (71.).	
<b>Valur-Pröttur</b>	<b>2-1</b>
0-1 Dennis Danry, víti (31.), 1-1 Ólafur Páll Snorrason (32.), 2-1 Sigurbjörn Hreiðarsson (73.).	

**STADAN**

<b>FH</b>	6	5	0	1	15-6	15
Stjarnan	6	4	1	1	16-8	13
<b>KR</b>	6	3	2	1	10-5	11
Fylkir	6	3	2	1	9-5	11
<b>Keflavík</b>	6	3	2	1	10-7	11
Valur	6	3	1	2	8-8	10
<b>Breiðablik</b>	6	2	2	2	11-12	8
ÍBV	6	2	0	4	6-9	6
<b>Fram</b>	6	1	2	3	5-6	5
Fjölnir	6	1	1	4	7-14	4
<b>Grindavík</b>	6	1	1	4	7-15	4
Pröttur	6	0	2	4	4-13	2

**1-1**

**Keflavík** **Stjarnan**

Sparisjóðsv., áhorf.: 1.980 Kristinn Jakobsson (8)

1-0 Hördur Sveinsson (25.)  
1-1 Halldór Orri Björnsson (90.)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	10-19 (6-7)
Varin skot	Lasse 6 – Bjarni Þórður 4
Horn	4-9
Aukaspjrnur fengnar	3-7
Rangstöður	2-3

<b>KEFLAVÍK</b> 4-4-2	<b>STJARNAN</b> 4-5-1
Lasse Jørgensen 8	Bjarni Þ. Halldórsson 7
Guðjón Á. Antoníuss. 4	Guðni Rúnar Helgas. 5
Alen Sutej 5	Daniel Laxdal 5
Bjarni Hólm Ádalst. 5	Tryggvi Bjarnason 4
Brynjar Guðmundss. 5	Hafsteinn R. Helgason 4
Magnús Þorsteins. 5	Björn Pálsson 5
(69. Nicolai Jørgens. 4)	Birgir Hrafn Birgisson 4
Jón G. Eysteinnsson 7	(84. Ellert Hreinsson -)
Simun Samuelsen 6	Þorvaldur Árnason 5
Haukur Ingi Guðnas. 6	(84. Magnús Björgv. -)
(86. Einar O. Einarss. -)	Jóhann Laxdal 3
Hördur Sveinsson 6	(67. Armar Björgvinss. 5)
Magnús Þ. Matthíass. 6	Halldór Orri Björnss. 6
(63. Bojan Ljubicic 4)	<b>Steinþór F. Þorst. 8*</b>

\*Maður leiksins

íslensk hönnun og handverk

**fríða**  
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði  
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is

**Vafasöm mörk tryggðu Fylki stig**

Fylkir og KR þurftu að sætta sig við skiptan hlut í miklum baráttuleik í Árbænum í gær. Leikurinn var ágæt skemmtun en þó má segja að mörk heimamanna hafi þótt ansi vafasöm. Bæði lið eru með ellefu stig.

**FÓTBOLTI** KR komst yfir gegn gangi leiksins um miðjan fyrri hálfleik en Valur Fannar jafnaði metin í uppbótartíma hálfleiksins úr vítaspyrnu. Fyllilega verðskuldað mark miðað við gang leiksins þó deila megi um vítaspyrnudóminn. Fylkir komst yfir með umdeilanlegu marki snemma í síðari hálfleik þegar Þórir Hannesson skallaði að marki KR en erfitt er að segja um hvort boltinn hafi farið yfir línuna.

„Þar sem dómariinn dæmdi þá hlýtur þetta að hafa verið mark. Halldór Hilmið segist hafa séð þetta og hann sá boltann yfir þannig að þetta var örugglega rétt. Ég sá þetta ekki sjálfur. Ég tek því fagnandi að hafa skorað. Það er alltaf gaman þegar það gerist,“ sagði markaskorariinn í leikslok.

KR var sterkari aðilinn eftir markið og jafnaði metin þegar tæpar 20 mínútur voru til leiklok og þar við sat þó bæði lið hafi fengið fín færi til að bæta við mörkum.

„Þetta voru mikil hlaup og erfitt að koma inn í svona leik. Mér fannst við betri í fyrri hálfleik en þeir sterkari í seinni. Eftir markið föllum við of mikið aftur og þá liggur mikið á okkur. Jafntefli er eflaust sanngjörn niðurstaða,“ sagði Þórir.

„Þetta var, eins og við vissum, við erfiðan mótherja að etja sem hefur byrjað mótið af miklum krafti. Þeir ætluðu að bæta fyrir síðasta leik og fóru inn í leikinn með miklum látum. Við lögðum þetta upp með því að spila meiri fótbolta því við erum ekki góðir í því sem þeir eru góðir í, þ.e. þessum fótbolta sem þeir spila sem ég ber fulla virðingu fyrir,“ sagði Logi Ólafsson að leik loknum.



SÓTT AÐ MARKINU KR-ingurinn Björgólfur Takefusa, fyrrum leikmaður Fylkis, sækir hér að Þóri Hannessyni varnarmanni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Um leið og við förum að spila boltanum á milli okkar í seinni hálfleik og taka tíma þá opnast verulegur möguleiki sem við náum ekki að nýta. Við komumst á síðasta þriðjung vallarins og tókum rangar ákvarðanir, rangar sendingar og röng hlaup. Þess vegna búum við ekki til færi en með smá heppni hefðum við getað skorað í lokin.“

„Þetta eru tvö töpuð stig, við förum í alla leiki til að vinna og við unnum ekki í dag. Það var margt jákvætt í okkar leik. Við náum að breyta okkar leik og jafna leikinn og það þarf að taka það með sér sem er jákvætt út úr þessu,“ sagði Logi Ólafsson þjálfari KR. - gmi

**FYLKIR** **2-2** **KR**

0-1 Gunnar Örn Jónsson (24.)  
1-1 Valur Fannar Gíslason (45.)  
2-1 Þórir Hannesson (51.)  
2-2 Óskar Örn Hauksson (72.)  
Fylkisvöllur, áhorf.: Óþupgefið.  
Einar Örn Danielsson (4)

**TÖLFRÆÐIN**

Skot (á mark)	13-8 (8-5)
Varin skot	Fjalur 3 – Stefán Logi 5
Horn	16-17
Aukaspjrnur fengnar	5-6
Rangstöður	4-1

**Fylkir 4-3-3** Fjalur Þorgeirsson 6 - Andrés Már Jóhannesson 5, Kristján Valdimarsson 6, Einar Pétursson 6, Þórir Hannesson 6 - Ásgeir Þórkur Ásgeirsson 6, **Valur Fannar Gíslason 8 ML**, Halldór Arnar Hilmiðsson 6 - Ingimundur Niels Óskarsson 7 (71. Albert Ingason -), Pape Mamadou Faye 5 (Ólafur Stígsson -), Kjartan Ágúst Breiðdal 4 (46. Kjartan Andri Baldvinsson 5).

**KR 4-4-2** Stefán Logi Magnússon 6 - Skúli Jón Friðgeirsson 6, Grétar Sigurðarson 4, Mark Rutgers 5, Jordao Diogo 3 (46. Gunnar Kristjánsson 6) - Gunnar Örn Jónsson 6 (57. Óskar Örn Hauksson 6), Jónas Guðni Sævarsson 7, Baldur Sigurðsson 5, Bjarni Guðjónsson 6 - Björgólfur Takefusa 3, Prince Rajcomar 4 (57. Guðmundur Benediktsson 6).

Ólafur Stefánsson átti stórleik þegar Ciudad Real vann frábæran sigur á Kiel og varði Evrópumeistaratilinn: **Ótrúleg sigurganga hjá Ólafi með Ciudad**

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson náði þeim ótrúlega áfanga að verða Evrópumeistari í fjórða skiptið um helgina. Þá vann lið hans, Ciudad Real, lið Alfreðs Gíslasonar, Kiel, með sex marka mun, 33-27, í ótrúlegum leik á Spáni. Ciudad vann þar með upp fimm marka forskot þýska liðsins frá því í fyrri leiknum og tryggði sér titilinn.

Í um 45 mínútur var ekkert sem benti til annars en að Kiel myndi hampa bikarnum. Meðal annars komst Kiel í 16-20. Lokamínútur leiksins voru lyginni líkastar en Ciudad skoraði þá sex mörk gegn einu. Ólafur skoraði svo markið sem gulltrygði sigurinn en alls skoraði hann átta mörk í leiknum og var markahæstur á vellinum. „Ég sit hérna á milli tveggja bestu þjálfara

heims sem þjálf bestu lið í heimi. Kiel hefði einnig átt skilið að vinna bikarinn og ég finn til með vini mínum Alfreði Gíslasyni,“ sagði Ólafur á blaðamannafundi eftir leikinn en hann varð einmitt Evrópumeistari með Magdeburg undir stjórn Alfreðs á sínum tíma.

Titillinn um helgina var sá sautjándi sem Ólafur vann með Ciudad Real á aðeins sex árum. Það er ótrúleg sigurganga. Ólafur hefur unnið Meistaradeildina í þriggung með Ciudad og spænsku deildina fjórum sinnum svo fátt eitt sé nefnt. Hann

**SVEKKTUR** Alfreð trúði vart sínum eigin augum þegar hans menn glutuðu rímmunni á lokakafli leiksins sem Ciudad vann, 6-1. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



BIKARINN Á LOFT Ólafur fagnaði gríðarlega þegar Hombrados lyfti bikarnum eftir leikinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

heldur nú til Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi þar sem hann mun leika næstu tvö árin. Talant Dujshebaev, þjálfari Ciudad, sagði eftir leikinn að það væri

ótrúlegt að hafa náð þessum sigri gegn þeim manni sem hann bæri einna mesta virðingu fyrir í handboltaheiminum, Alfreði Gíslasyni. - hbg





# Portúgal

- tekur vel á móti þér



4 jafnar  
vaxtalausar  
greiðslur

Skiptu kostnaðinum í fjórar vaxtalausar og jafnar greiðslur á [www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is). Miðað við að greitt sé með greiðslukorti eða bókað á netinu. 3% færslugjald leggst ofan á uppgætið verð.



## Forte da Oura

★★★★  
Brottför 20. júní

Gott íbúðahótel, frábærlega vel staðsett um 500 metra frá neðsta hluta "Laugavegarins, Sao Jao veitingahúsaahverfinu, sem er eitt líflegasta og skemmtilegasta hverfið í Albufeira. 5 - 10 mín gangur niður á Praia de Oura ströndina. Íbúðir eru rúmgóðar og allt hótelið snyrtilegt.

VERÐDÆMI

**69.633 kr.**

á mann miðað við 2 með 2 börn í 1 viku.  
2 fullorðnir 85.466 kr.



## Vila Galé Cerro Alagoa

★★★★  
Brottför 20. júní

Með  
Morgunverði

4 stjörnu vel búið klassahótel með heilsulind, sundlaugum og veitingastöðum. Lifandi tónlist á kvöldin og skemmtilegt mannlíf í gamla bænum er í göngufæri.

VERÐDÆMI

**86.893 kr.**

á mann miðað við 2 með 2 börn í 1 viku. Junior svíta eða samtengd herbergi með morgunverði.  
2 fullorðnir 99.924 kr.

Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí á frábæru verði. Gæða gististaðir í ýmsum verðflokkum, áhugaverðar skoðunarferðir í fallegri náttúru, menningar- og sögustaði að ekki sé talað um frábæra golfvelli. Það er fátt betra en frí á sólarströnd, þar sem blátær sjórin og himininn renna saman í eitt. Óskafrí þar sem hægt er að hlaða batterín í rólegheitum og koma heim með orku sem endist fram á vetur.



ÚRVAL-ÚTSÝN  
[www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)



Úrval-Útsýn - Lágmúla 4 - Reykjavík - Sími 585 4000  
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.  
Ef bókað er á skrifstofu eða símleis er bókanargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.



## > Julia Louis-Dreyfus

„Ég geri alltaf mitt besta og ef útkoman er ekki góð vil ég heldur snúa mér að einhverju öðru en að eyða tíma og orku í eitthvað sem ég ræð illa við.“

**Dreyfus leikur Christine í þættinum The New Adventures of Old Christine sem Stöð 2 sýnir í kvöld.**



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ **MAGNÚS TEITSSON** ÍGRUNDAR NORRÆNA FRÆNDSEMI

# Ástmaðurinn sem kom yfir Eyrarsundið

„Kaupinhafn verður að reisa. Það hefur geislað stríð og þeir svensku, sem eru djúfals skálar og andstyggilegt fólk, hafa bombaldað staðinn.“ Svo mælti Sigurður Snorrason frá Álftanesi, hans majestets bifalingsmaður og prófoss, eða „helvítis böðullinn“ eins og snærspjófurinn snjalli Jón Hreggviðsson kallaði hann í Íslandsklukkunni. Það er nefnilega söguleg staðreynd að fyrr á öldum fundust varla illvígari óvinaþjóðir en Danir og Svíar. Tugir þúsunda féllu í heiftarlegum orrustum um landbúnaðarhéraðið Skán, þar sem íbúar tala nú sænsku með dönskum kokkljóðum og flagga fána með gulum krossi á rauðum grunni.

Ekki er langt síðan þeir svensku voru síðast að bombalda. Það var á sjónvarpsskjánum nýliðið vor sem lögreglukonan og sáttasemjarinn Anna Pihl í kóngsins Kaupinhafn tók sér sænskan elskhuga, sem var fljótlega farinn að draga hana í sameiginlegar fasteignapælingar; að „titta på funkishus“. Nú eru hinir stórgóðu þættir um Önnu Pihl vel birgir af fulltrúum minnihlutahópa og eru arabískir



innflytjendur, samkynhneigðir og geðfatlaðir meðal þeirra sem hafa fengið að njóta sín. Ástmaðurinn sem kom yfir Eyrarsundið virðist hins vegar ekki hafa fallið í kramið og var skrifaður út úr seríunni í snarhasti. Sænskur sérveitarforingur og sjarmör að stíga í vænginn við siðprúða danska stúlku hefur greinilega einhvers staðar vakið svipaðar kenndir og suður-evrópskir sjóliðar í meyarblóma í Reykjavík.

Kannski er ekkert skrytið að dansk-sænskar ástir eigi erfitt uppdráttar, því menningarmunurinn er ansi mikill. Danir eru frægir fyrir kæruleysi, Svíar fyrir að setja öryggið á oddinn. Öðru megin er Kim Larsen og hinum megin er Astrid Lindgren. Prince-sigarettur hér, Volvo þar. Áhugamenn um norræna samvinnu töldu sig reyndar hafa himin höndum tekið þegar Eyrarsundsbrúin var vígð um aldamótin, en eitt menningartengt vandamál þvældist fyrir. Svíar vildu reykingabann í Iestinni. Meira að segja þegar hún var Danmerkurmeigin! Sveiðis láta auðvitað bara djúfals skálar og andstyggilegt fólk.

## PRÍÐJUDAGUR



▶ **17.40 Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA**



▶ **20.00 Bury My Heart at Wounded Knee STÖÐ 2 BÍÓ**



▶ **20.10 Skólaklíkur SJÓNVARPIÐ**



▶ **20.50 Bones STÖÐ 2**



▶ **21.50 The Cleaner SKJÁREINN**

## SJÓNVARPIÐ

**13.00 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** Bein útsending frá úrslitakeppni í júddó.

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknálsfréttir**

**17.30 Matta fóstura og ímynduðu vinir hennar** (44:53)

**17.52 Arthúr**

**18.17 Hruturinn Hreinn** (24:35)

**18.25 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶ **20.10 Skólaklíkur** (Greek) (4:10) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjórugt félagslíf þeirra í háskóla.

**20.55 Óvænt heimsókn** (Uventet besøg: Indland) (1:7) Dönska Sjónvarpskonan og blaðamaðurinn Camilla Ottesen heimsækir samlanda sína í útöndum.

**21.25 Viðtalið - Thorvald Stoltenberg**

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Lögregluforinginn - Svika-hrappur** (The Commander: The Fraudster)

**23.15 Ríki í ríkinu** (The State Within)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.35 Íslenski boltinn** (e)

**01.05 Smáþjóðaleikarnir á Kýpur** (e)

**03.05 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 Bury My Heart at Wounded Knee**

**08.20 Fíaskó**

**10.00 Lorenzo's Oil**

**12.10 Pokemon 6**

**14.00 Fíaskó**

**16.00 Lorenzo's Oil**

**18.10 Pokemon 6**

▶ **20.00 Bury My Heart at Wounded Knee** (Heygðu mitt hjarta við Undað hné) Mynd byggð á sannsögulegum atburðum árið 1890 um örlög og átök indjána.

**22.10 Sex Sells: The Making of Touch**

**00.00 Blow Out**

**02.00 Talladega Nights**

**04.00 Sex Sells: The Making of Touch**

**06.00 Yes**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Tommi og Jenni og Krakkarnir í næsta húsi.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (17:25)

**09.55 Doctors** (18:25)

**10.20 Extreme Makeover: Home Edition** (16:25)

**11.05 Cold Case** (13:23)

**11.50 Logi í beinni**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (202:260)

**13.25 Failure to Launch**

**15.05 Sjáðu**

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Ben 10, Tutenstein, Áfram Diego Afram! og Kalli og Lóa.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (18:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (22:22)

**20.00 The New Adventures of Old Christine** (9:10) Christine er fráskilin einstæð móðir sem lætur samvisskusemi og óþjóttandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði.

**20.25 'Til Death** (1:15) Brad Garrett snýr aftur í hressilegri gamanþáttaröð.

▶ **20.50 Bones** (13:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð er til ráðgjafar í allra flóknuustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglu-maðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphaf þáttanna.

**21.35 Little Britain 1** (6:8)

**22.05 Gavin and Stacey** (3:6)

**22.30 The Sopranos** (18:26)

**23.20 Auði og Sveppi**

**00.00 Grey's Anatomy** (23:24)

**00.45 The Closer** (6:15)

**01.30 Fringe** (19:21)

**02.20 Failure to Launch**

**03.55 Perfect Strangers**

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

besta sætið

**07.00 Fylkir - KR** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**16.15 World Supercross GP** Að þessu sinni verður árið gert upp.

**17.10 Þýski handboltinn - Markapáttur** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmeilivörðu.

**17.35 Fylkir - KR** Útsending frá leik í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

**19.25 Pepsimörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**20.25 NBA 2008/2009 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

**22.10 Crowne Plaza Invitational At Colonial** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**23.05 Fréttapáttur** Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**23.35 NBA tilþríf** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþríf vikunnar í NBA körfuboltanum.

## SPORT 2

enski boltinn

**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markapætti.

**19.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.30 Goals of the Season 2008** Öll glæsilegustu mörk hvernar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**20.30 PL Classic Matches** Liverpool - Chelsea, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches** Manchester Utd - Wimbledon, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.30 Newcastle - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.10 Review of the Season** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífir á einum stað.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.25 The Game** (1:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**18.50 America's Funniest Home Videos** (29:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru myndir myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)

**19.15 This American Life** (4:6) (e)

Bandarísk þáttaröð þar sem fjallað er um venjulegt fólk sem hefur óvenjulegar sögur að segja. Þættirnir eru byggðir á vinsælum útvarpsþáttum. Umsjónarmaður er Ira Glass.

**19.45 Everybody Hates Chris** (1:22) Bandarísk gamanseria þar sem efnilegur stílistar keppa um eftirsóttu stöðu hjá tiskútímaritinu Elle.

**20.10 The Biggest Loser** (19:24) Bandarísk raunveruleikasería.

**21.00 Stylista - NÝTT** (1:9) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir stílistar keppa um eftirsóttu stöðu hjá tiskútímaritinu Elle.

▶ **21.50 The Cleaner** (13:13) Vönduð þáttaröð með Benjamin Bratt í aðalhlutverki. Þættirnir eru byggðir á sannri sögu fyrrum dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum fíknarinnar. Það er komið að lokapættinum og William fæst við eitt erfiðasta mál sitt til þessa. Drykkjeldir foreldrar ógna öryggi dóttur sinnar og William og aðstoðarmenn hann grípa til orþrifaráða.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 CSI** (20:24) (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## INN

**20.00 Hrafnafingur**

**21.00 Græðlingur** í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.

**21.30 Ákveðin viðhorf** Umsjón: Erna Rós Kristinsdóttir og Guðný Kjartansdóttir. Rætt er um Fésbók sem markaðstæki við Ásu Baldursdóttur og Fríðu Garðarsdóttur.

**Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# Húðlækningar

Hef opnað húðlæknastofu mína í nýja húsinu í Glæsibæ, 5. hæð. Sama hús og Hreyfing. Tímá pantanir í síma:

**554 64 46**

**Elísabet Reykdal Jóhannesdóttir**

Húð- og kynsjúkdómalæknir



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.25

'Til Death

Brad Garrett snýr aftur í hressilegri gamanþáttaröð sem gerði góða hluti á Stöð 2 þegar hún var fyrst sýnd á síðasta ári. Garrett leikur sem fyrr fúlan á móti, óþolandi nágranna sem gekk endanlega af göflunum þegar ungt og nýgift par flutti í næsta hús. En svo tekst með þeim hjónum ágætis vinskapur þar sem oft og iðulega verður deginum ljósara hversu ólíkum augum miðaldra hjón og ung hjón sjá hjónabandið, samskipti kynjanna og tilgang lífsins.



VIÐ MÆLUM MED

Stylista - NÝTT

SkjárEinn kl. 21.00

Bandarísk raunveruleikasería frá sömu framleiðendum og gera America's Next Top Model og Project Runway. Hér keppa efnilegir stílistar um eftirsóttá stöðu hjá tiskutímaritinu Elle. Þátttakendurnir fá það hlutverk að aðstoða Anne Slowey sem ritstýrir tiskufréttum blaðsins. Einn af öðrum verða stílistarnir sendir heim þar til aðeins einn stendur eftir með starfið og afnot af íbúð á Manhattan.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 07.10 Morgunvaktin heldur áfram
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Óvissuferð - allir velkomnir
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Vött og breitt
- 14.03 Öreigaskáldsögur
- 15.03 Útvarpssagan: Saga af bláu sumri
- 15.25 Þriðjudagsdjass
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Bláar nótur í bland
- 21.00 Um hjartað liggur leið
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Kvöldsagan: Sólon Islandus
- 22.45 Trompetmeistarar sveiflunnar
- 23.25 Gatan mín
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.45 Hollyoaks (201:260)

17.15 Hollyoaks (202:260)

► 17.40 Ally McBeal (3:21) John og Nell talast enn ekki við en þurfa í sameiningu að verja háskólanema sem kærður hefur verið fyrir áreitni.

18.25 Seinfeld (8:13) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

18.45 Hollyoaks (201:260)

19.15 Hollyoaks (202:260)

19.40 Seinfeld (8:13)

20.15 Grey's Anatomy (2:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veiktist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

22.00 Perfect Day - The Wedding Sjónvarpsviðburður í þremur hlutum. Fyrsti hlutinn af þremur gerist á brúðkaupsdegi þegar uppi verður fótur og fit þegar fyrrverandi kærasti brúðarinnar mætir í brúðkaupið og jatar henni ást sína. Annar hluti af Perfect Day verður á dagskrá næsta mánudag.

23.45 Entourage (4:12)

00.15 Auði og Sveppi

00.45 Weeds (14:15)

01.15 Sjáðu

01.45 Ally McBeal (3:21)

02.30 Fréttir Stöðvar 2

03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

11.50 After You've Gone 12.20 The Weakest Link 13.05 EastEnders 13.35 My Hero 14.05 My Hero 14.35 After You've Gone 15.05 Dalziel and Pascoe 15.55 Dalziel and Pascoe 16.45 EastEnders 17.15 The Weakest Link 18.00 My Hero 18.30 After You've Gone 19.00 Two Pints of Lager and a Packet of Crisps 19.30 Rob Brydon's Annually Retentive 20.00 Waking the Dead 20.50 My Hero 21.20 After You've Gone 21.50 Dalziel and Pascoe 22.40 Dalziel and Pascoe 23.30 Two Pints of Lager and a Packet of Crisps

DR 1

11.00 Kvínder på flugt 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 13.55 Chapper & Pharfur 14.15 S. P eller K 14.30 Monster allergi 15.00 Store Nord 15.30 Lille Nord 16.00 Historier fra Danmark 16.15 Mød EU-kandidaterne 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Mig og min alder 18.00 Ønskehaven 18.30 Reddet af en gorilla 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Lewis 21.35 OBS 21.40 Dødens Detektiver 22.00 Boogie Mix

NRK1

11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Ansikt til ansikt 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 I sørhellinga 13.00 NRK nyheter 13.05 Jessica Fletcher 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Travelbymysteriene 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Grønn glede 17.55 Skjergardsmat 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 De gode kapitalistene 20.20 Extra-trekning 20.30 Safán 21.00 Kveldsnytt 21.15 The Cooler 22.50 Si ja, bli min 23.20 Kulturnytt 23.30 Jazz jukeboks

SVT 1

11.40 Sommaren med Monika 13.15 The Bedford Dianas 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Pistvakt 15.25 Sjukan 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Allt ljus på 16.55 Så såg vi sommaren då 17.00 Kulturnyhetera 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Vem tror du att du är? 19.00 Krig och fred 20.45 Sommartid 21.15 Kulturnyhetera 21.30 Sommer 22.30 Hammarkullen 23.30 Sändningar från SVT24

**SPORT 2**

## ÁLFUKEPPNIN HEFST 14. JÚNÍ

HVERT ER BESTA KNATTSPYRNULANDSLIÐ HEIMS?

**A-RÍÐILL**

Spánn - Evrópumeistarar  
Írak - Asíumeistarar  
Nýja-Sjáland - Eyjaálfumeistarar  
Suður-Afrika - Gestgjafar

**B-RÍÐILL**

Ítalía - Heimsmeistarar  
Brasíla - S-Ameríkumeistarar  
Bandaríkin - Ameríkumeistarar  
Egyptaland - Afrikumeistarar

**F1 FJÓGURRA DAGA FORMÚLU-VEISLA Í TYRKLANDI OG UK**

# SJÓÐHEITUR JÚNÍ

**ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á SPORTIÐ HEIMA**

Stöð 2 Sport á aðeins 5.390 kr. á mánuði í þrjá mánuði fyrir kreditkorthafa Visa...

**MAKEDÓNÍA ÍSLAND**

10. JÚNÍ

**US OPEN**

VER TIGER WOODS TITILINN?

**NBA**

ÚRSLITIN RÁÐAST

**PEPSI DEILDIN**

FJÖLDI FRÁBÆRRA LEIKJA

**SPORT**

besta sætið



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta yfirleitt ekki á neitt í vinnunni því ég er kominn í minn eigin heim þegar ég er að forrita. En ég hlusta stundum á Bylgjuna á morgnana og Útvarp Sögu á kvöldin eftir vinnu.“

Gunnar Þór Jacobsen tölvunarfræðingur.

## Drekkur bjór og reykir í gjörningi

„Fyrir Íslending eins og mig er frekar heitt. Það er búinn að vera þrjátíu stiga hiti síðustu daga og stefnir vist í brjálað sumar,“ segir Páll Haukur Björnsson, sem er staddur í Feneyjum með Ragnari Kjartanssyni listamanni, fulltrúa Íslands á Feneyjatvíæringnum. Páll vinnur með Ragnari að sýningu hans The End sem stendur yfir í sex mánuði og er einn liður verksins gjörningur þar sem Ragnar málur olíumálverk af Páli sitjandi við síki, drekkandi bjór og reykjandi sigarettur í sundskýlu einni fata. Aðspurður segir Páll verkið vera hálfgerðan skúlptúr. „Við miðum við að ná einu málverki á dag, en senan stækkar alltaf og stækkar og það fyllist allt af bjórflöskum, málverkum og

sigarettustubbum. Þetta er rosaalega langt og á örugglega eftir að taka heilan helling á, en þetta er rosaalega spennandi,“ útskýrir Páll og segir þá félaga hafa verið önnur kafna frá því að þeir komu til Feneyja í síðustu viku.

„Þetta er búin að vera hörkuvinna að mála vegg, smíða og setja upp vídeóinnsetninguna, svo við höfum ekki ennþá náð að upplifa týpíska Feneyja-sumarfrísstemningu. Það er rosa spennandi og stress í mannskapnum núna fyrir opnuninni, en það verður foropnun 3. júní fyrir blaðamenn og svo verður tvíæringurinn opnaður með öllum herlegheitunum 6. júní fyrir almenningi,“ segir Páll. Sýningin stendur yfir til 22. nóvember.



GJÖRNINGUR OG SKÚLPTÚR Páll Haukur mun sitja fyrir á sundskýlunni næstu mánuðina, reykjandi og drekkandi bjór á meðan Ragnar málur af honum olíumálverk.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. samsull, 6. hvað, 8. gilding, 9. skelfing, 11. kusk, 12. hvæsa, 14. mæra, 16. skóli, 17. tilvist, 18. loga, 20. járnstein, 21. brýna.

## LÓDRÉTT

1. ofneysla, 3. umhverfis, 4. land í SA-Asíu, 5. hlóðir, 7. agnúi, 10. nálægt, 13. sunna, 15. ávinna, 16. stúlka, 19. tveir eins.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2. gums, 6. ha, 8. mat, 9. ógn, 11. ló, 12. fnæsa, 14. hrósa, 16. ma, 17. líf, 18. eld, 20. al, 21. ydda.


LÓDRÉTT: 1. óhóf, 3. um, 4. malasía, 5. stó, 7. agnhald, 10. nær, 13. sól, 15. aflla, 16. mey, 19. dd.

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Ný dönsk.
- 2 Chelsea.
- 3 The Jay Leno Show.

VÍSIR.IS  
„...ég sá það á vísi“

PARKET  
TILBOÐ

Parki  
INTERIORS

PARKIS / DALVEGI 10 - 14 / S5643500

## KOKAYI AMPAH: HUNDRUÐ STARFA Í BOÐI

## Milljarðamöguleikir fyrir kvikmyndalandið Ísland

„Ísland hefur mikla möguleika á því að breytast úr vel geymd leyndarmáli yfir í að gera kvikmyndagerð að stórum iðnaði,“ segir Kokayi Ampah, einn nánasti samstarfsmaður Clint Eastwood og þekktasti tókustaðstjóri Hollywood.

Kokayi á heidurinn af því að hafa fundið hinar svörtu stendur Sandvíkur sem notaðar voru í Flags of Our Fathers, stórmynd Eastwoods. Hann dvaldist hér á landi í síðustu viku ásamt fimm öðrum tókustaðstjórum í boði Film in Iceland og þeir skoðuðu landið frá nánast öllum sjónarhornum. Tilgangurinn var fyrst og fremst að kynna Ísland fyrir mönnum sem teljast vera „augu Hollywood“ og hafa gríðarlega mikið að segja þegar valdir eru heppilegir tókustaðir fyrir kvikmyndir.

Clint Eastwood var feikilega ánægður með dvölinna hér á landi og hefur lýst því yfir margofterlendum fjölmiðlum. Kokayi segir að ef handrit sem minnti eitthvað á Ísland myndi berast í hendur Eastwoods yrði landið hans fyrsti möguleiki. „En ekki myndin sem við erum að gera núna, hún fjallar nefnilega um Nelson Mandela,“ segir Kokayi og skellihlær.

„Möguleikar Íslands liggja fyrst og fremst í fjölbreytninni og hversu auðvelt það er að ferðast á milli staða. Til að mynda er ekkert erfitt að komast upp á jökul, ferðast síðan með tókuliði yfir nóttina og vera komin í allt annað landslag daginn eftir. Þú getur rétt ímyndað þér, ef kvikmyndaleikstjóri er með mynd



KOKAYI Er einn fremsti tókustaðstjóri heims og hefur unnið náið með leikstjóranum Clint Eastwood. Hann segir Ísland hafa mikla möguleika á því að gera kvikmyndagerð að stórum iðnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sem á að taka upp nánast eingöngu í dagsbirtu, hvert hann myndi snúa sér,“ segir Kokayi og bætir því við að ferðir á borð við þessa hafi mikið að segja. „Nú hafa menn séð Ísland, leggja það á minnið og vita hvert þeir eiga að snúa sér.“

Kokayi er ákaflega bjartsýnn fyrir hönd Íslands og að hans mati á komum erlends kvikmyndagerðarfólks hingað eftir að fjölga um meira en helming.

Það gæti þýtt hundruð starfa og töluverðar fjárhæðir í gjald-eyristekjur. „Þegar við tókum

upp Flags of Our Fathers réðum við til okkar þrjú hundruð Íslendinga og sennilegast höfum við eytt í kringum sex milljónum dollara hér á landi,“ segir Kokayi en bendir jafnframt á að þá hafi efnahagsumhverfið verið öðruvísi.

„Í dag, ef kvikmynd af sömu stærðargráðu kæmi hingað til Íslands, værum við örugglega að tala um fimmtán milljónir dollara,“ útskýrir Kokayi en það samsvavar tæpum tveimur milljörðum íslenskra króna.

freyrgigja@frettabladid.is

## FÓLK Í FRÉTTUM

**Manúela Ósk Harðardóttir** situr ekki auðum höndum þessa dagana, en eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardag festi hún nýverið kaup á glænjum Audi Q-7 bíl sem hún lét breyta eftir eigin óskum. Nú er hún í óðaönn að skipuleggja athöfn þar sem hún og eiginmaður hennar, fótboltakappinn **Grétar Rafn Steinsson**,

ætla að endurnýja hjúskaparheit sín, en Manúela og Grétar gengu í það heilaga árið 2007 við látlausa athöfn hjá borgardómara í Alkmaar í Hollandi þar sem Grétar spilaði á þeim tíma. Endurnýjun hjúskaparheittanna mun hins vegar fara fram hér á landi í júní við hátíðlega athöfn í Dómkirkjunni og um 180 manna veislu í Turninum.

**Jón Jósef Snæbjörnsson**, betur þekktur sem Jónsi í Svörtum fötum, fagnaði 32 ára afmæli sínu í gær og eins og gefur að skilja barst honum fjöldinn allur af afmæliskveðjum. Ekki voru kveðjurnar þó allar með sama móti því Jónsi fékk hvorki meira né minna en tólf símtöl frá ítalskri konu sem vildi ólm tala við hann. Konan er mikill aðdáandi Jónsa og hefur reynt að ná tali af honum í þónokkurn tíma, svo það er ljóst að vinsældir hans ná langt út fyrir landsteinana.

- ag

## Sonur fótboltahetju í rokkinu

Sigurmon Sigurðsson, sonur fótboltahetjunnar og Skagamannsins Sigurðar Jónssonar, er forspraki rokkshvetjunnar Cosmic Call. Sveitin hefur verið starfandi í núverandi mynd í rúmlega ár og lenti í öðru sæti í hljómsveitakeppninni Global Battle of the Bands síðasta haust.

Sigurmon segir að auðvelt hafi verið að velja á milli tónlistarinnar og fótboltans. „Ég hef einhvern veginn aldrei haft áhuga á fótbolta, eða alveg frá því að ég var fimm eða sex ára. Ég var alltaf með kassagítarinn að syngja Bubbalög-in,“ segir Sigurmon. Hann segir föður sinn aldrei hafa beitt sig þrýstingi um að feta í fótspor sín í boltanum. „Hann hefur alltaf stutt mig í því sem

ég tek mér fyrir hendur. Ég held að hann yrði bara pirraður ef ég væri í boltanum og hefði ekki gaman af því sjálfur.“

Fram undan hjá Cosmic Call er útgáfa sjö laga EP-plötu auk þess sem tónleikahald verður töluvert í sumar. Sigurmon er jafnframt að stofna útgáfufyrirtækið Future Records ásamt félaganum sínum í Reykjavík.

Auk Cosmic Call verður undir hatti þess önnur Skagasveit, Weapons, sem gaf út sína fyrstu plötu fyrir síðustu júl. Sigurmon er einmitt einnig trommari í þeirri sveit.

- fb

**EKKI Í ROKKINU** Sigurður Jónsson er sáttur með tónlistarferil sonarins og hefur stutt hann með ráðum og dáðum.



**COSMIC CALL** Sigurmon (efst til vinstri) ásamt þeim Bergþóru Sveinsdóttur, Fjólmi Gíslasyni, Péttri Inga Jónssyni og Ásu Katrínu Bjarnadóttur.





# Takk fyrir okkur!

## Borgarleikhúsið fær flestar tilnefningar til Grímuverðlauna í ár



Ekkert leikhús hlýtur fleiri tilnefningar en Borgarleikhúsið og er árangurinn sá besti sem Leikfélag Reykjavíkur hefur fagnað. LR hlýtur alls 22 tilnefningar sem er það mesta sem sýningar þess hafa hlotið. Þar af eru tvær, Dauðasyndirnar og Þú ert hér, tilnefndar sem leiksýning ársins. Auk þess fagna samstarfsaðilar leikhússins góðu gengi.



### DAUÐASYNDIRNAR

Sýning ársins

Leikkona ársins í aðalhlutverki  
Halldóra Geirharðsdóttir

Leikkona ársins í aðalhlutverki  
Harpa Arnardóttir

Leikari ársins í aðalhlutverki  
Bergur Þór Ingólfsson

Leikstjóri ársins  
Rafael Bianciotto

Leikskáld ársins  
Rafael Bianciotto



### MILLJARÐAMÆRIN SNÝR AFTUR

Lýsing ársins

Björn Bergsteinn Guðmundsson

Búningar ársins  
Filippía I. Elísdóttir

Leikmynd ársins  
Gretar Reynisson

Leikari ársins í aukahlutverki  
Bergur Þór Ingólfsson

Leikkona ársins í aðalhlutverki  
Sigrún Edda Björnsdóttir



### ÞÚ ERT HÉR

Sýning ársins

Hljóðmynd ársins

Hallur Ingólfsson, Jón Páll Eyjólfsson  
og Jón Atli Jónasson

Leikstjóri ársins

Hallur Ingólfsson, Jón Páll Eyjólfsson  
og Jón Atli Jónasson

Leikskáld ársins

Hallur Ingólfsson, Jón Páll Eyjólfsson  
og Jón Atli Jónasson



### VESTRID EINA

Leikari ársins í aðalhlutverki  
Björn Thors



### RÚSTAÐ

Lýsing ársins  
Þórður Orri Pétursson

Leikmynd ársins  
Börkur Jónsson

Leikari ársins í aðalhlutverki  
Ingvar E. Sigurðsson



### FÓLKIÐ Í BLOKKINNI

Tónlist ársins  
Ólafur Haukur Símonarson

Leikkona ársins í aukahlutverki  
Halldóra Geirharðsdóttir



### SÖNGVASEIÐUR

Söngvari ársins  
Valgerður Guðnadóttir

## Aldrei fleiri áhorfendur í Borgarleikhúsinu

Við erum þakklát fyrir frábært gengi á leikárinu sem er jafnframt aðsóknarmestar leikár í sögu Borgarleikhússins frá upphafi.

Við þökkum fyrir okkur og hlökkum til þess að sjá ykkur næsta haust.







**BAKPANKAR**  
Karenar D.  
Kjartansdóttir

## Slóðir rabarbarans

Ígarði foreldra minna fyrir laustan fjall sneiddi ég tíu kíló af rabarbara um hvítasunnuna og sá vel spírað kartöfluútsæði af ýmsum gerðum hverfa ofan í mjúka sunnlenska mold. Sólin skein inn á milli hárra aspanna í garðinum og á pallinn þar sem ég stóð og skar súruna; úr heitum potti við hlið mér rauk úr hlýju og ilmandi hreinu vatni. Skyndilega varð ég andaktug yfir rabarbaranum og fannst aldingarður ekkert of fint nafn fyrir þessa paradís foreldra minna, svona jafnvel þótt rabarbari sé í raun grænmeti fremur en ávöxtur og svo súr að það þarf víst ekki að innbyrða sérlega mikið af honum til að hann hafi truflandi áhrif á nýrun.

**EFTIR** að hafa sultað rabarbaranum undir öruggri handleiðslu móður minnar leitaði ég mér fróðleiks um þessa indælu jurt sem svo lengi hefur prýtt veðurbarna íslenska náttúru og er þeim eiginleika gædd að geta kallað fram rósbleikar og sætar minningar í hugum fólks, jafnvel þótt íslenskum húsmæðrum hafi lengst af þótt hæfilegt að setja kíló af sykri á mót hverju kíló af rabarbara til að reyna að dempa eldsúrt bragðið.

Í þrekvirkinu Matarást eftir Nönnu Rögnvaldar komst ég svo að því að rabarbari er talinn upprunninn í Norðvestur-Kína eða jafnvel Tíbet. Í bókinni sagði svo einnig að eftir að jurttin hefði borist um Rússland til Grikklands hefði hámenningarþjóðinni grísku þótt við hæfi að kalla hana „rótina frá barbörunum handan við Rha“ en Rha mun víst vera annað heiti yfir ána Volgu. Þetta heldur ókumpánlega heiti varð svo að rhabarbarum á latínu sem síðan rann saman við orðið persneska orðið rheon sem þýðir rót. Þá varð til orðið rheubarbarum og af þeirri orðmynd fengu enskumælandi þjóðir heitið rhubarb en Íslendingar fengu sína frá Ítölum sem ku segja rabarbaro.

„Ó, hvað þetta er menningarleg jurt,“ hugsaði ég hamingjusöm eftir lesturinn um ferðir rabarbarans um menningarríki heimsins. Því næst ákvað ég að fá mér enn meira af ristuðu brauði með sultu auk þess sem ég áformaði að í framtíðinni myndi ég reglulega baka hjónabandsælu með mikilli rabarbarasultu.

**ÉG** var því með uppruna rabarbarans í huga og íslenska nostalgíu í hjartanu þegar ég hlýddi á friðarboðskap Dalai Lama og fylltist aftur heimshryggð og áttaði mig á því að sennilega ætti ég að lesa mér meira til um hluti, jurtir og menn frá Tíbet.



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er þriðjudagurinn 2. júní,  
153. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.20	13.26	23.33
Akureyri	2.30	13.10	23.55

Heimild: Almanak Háskólans

# Sumargleði!

## 20% afsláttur

af öllum vörum í verslunum okkar

